



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110 023513

Fimmtudagur

27. maí 2010

21. tbl. · 27. árg.



Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600



Opið frá kl. 11:30 -
23:00 alla daga!

Við bjóðum ykkur
hjartanlega velkomin!

Faktorshúsið
Hæstakaupstað



Ljósmynd: Mbl./Kristinn Ingvarsson.

Væri örugglega þungarokkari

Hjalmar H. Ragnarsson, tónskáld og rektor Listaháskólans, er sannfærður um það að ef hann væri ungur í dag myndi hann heillast af þungarokki. Hann sér þó ekki eftir þeim farsæla ferli sem hann hefur átt og hlakkar til að snúa sér alfarið að tónlistarsköpun þegar tímabilinu sem rektor lýkur eftir þrjú og hálft ár. Í opnuviðtali segir Hjalmar frá uppvextinum á Ísafirði, námi í Bandaríkjunum og Hollandi, starfinu við Listaháskólann og framtíðarplönunum.



| Eyrarskáli | Sími 525 7890 |

EIMSKIP

Yfir hafið og heim



56 nemendur voru brautskráðir úr Menntaskólanum á Ísafirði.

Fimmtíu og sex nemendur brautskráðir

Fimmtíu og sex nemendur voru brautskráðir úr Menntaskólanum á Ísafirði við hátíðlega athöfn í Ísafjarðarkirkju á laugardag. Níu luku námi sem véla-verðir smáskipa, átta luku A námi vélstjórnar, einn lauk námi af sjúkraliðabraut, einn lauk námi í húsasmíði, einn í vélvirkjun og þá lauk einn námi í samfélags-túlkun. Alls voru brautskráðir 29 stúdentar. Sextán útskrifuðust af félagsfræðibraut, níu af náttúrufræðibraut og einn af viðskipta- og hagfræðibraut. Þá luku þrír

nemendur viðbótarnámi til stúdentsprófs. Fjórir iðnmeistarar voru brautskráðir, þrír ljúka iðnmeistaránámi í húsasmíði og einn iðnmeistaránámi í stálsmiði.

Dúx scholae að þessu sinni var Anna Marzellíusardóttir með meðaleinkunnina 9,57. „Sá mikli fjöldi útskriftarnema á síðustu tveimur skólaárum endurspeglar einkum þrennt: aukid námsframboð og um leið aukna aðsókn að skólanum og einnig minnkandi brottfall nemenda,“ sagði Jón

Reynir Sigurvinsson, skólameistari í ræðu sinni við útskriftarathöfnina.

Skólameistari sagði einnig að í niðurstöðum könnunar meðal nemenda í HÍ, sem birt var í apríl kemur fram að 57,2% svarenda segjast vera mjög sammála eða frekar sammála um að nám við MÍ veiti góðan undirbúning fyrir framhaldsnám. „Athygli vekur að 61,9% svarenda telja sig hafa fengið góðan undirbúning í ensku sem er verulega hærra en að meðaltali hjá þeim skólum sem könn-

unin náði til. Ýmislegt annað í niðurstöðum þessarar könnunar bendir til þess að skólinn virðist undirbúa nemendur sína vel fyrir háskólanám,“ sagði Jón Reynir.

Þá sagði Jón Reynir að framkoma nemenda á ýmsum viðburðum hafi verið til fyrirmyndar. „Í starfi mínu sem stjórnandi við skólann frá 1990 hef ég aldrei þurft að hafa minni afskipti af nemendum vegna þess sem miður fer. Mikill meirihluti nemenda hafa verið til fyrirmyndar hvað skólasókn varðar og sýna reglusemi í samskiptum sínum við skólann.“

Innritun eldri umsækjendur fæddra 1993 eða fyrr hófst 20.

april og stendur til 31. maí. Af 77 nemendum sem eru að ljúka námi úr 10. bekk á norðanverðum Vestfjörðum höfðu um miðjan maí 68 sótt um skólavist við skólann. Athygli vekur að 16 hafa sótt um skólavist hér til vara. Á síðasta ári komu 84 eða 97% nemenda úr 10 bekk í skólann af norðanverðum Vestfjörðum. Gert er ráð fyrir að heimtur verði svipaðar fyrir næsta skólaár og að ársnemendur verði svipaðir og voru við upphaf síðasta skólaárs eða 285.

Um kvöldið var útskriftaragnaður í íþróttahúsinu á Torfnesi þar sem útskriftarnemar komu saman ásamt gestum.

Ertu á leið í háskóla?

MATVÆLA- OG NÆRINGARFRÆÐIDEILD

- » Viltu taka þátt í þróun og framleiðslu á heilsuvörum?
- » Viltu læra um örverur sem notaðar eru til bjórgerðar?
- » Viltu læra um verkfræðina sem liggur að baki tækninni í matvælaframleiðslu?
- » Viltu vita hvaða áhrif maturinn og næringarefnið sem þú borðar hafa á líkamann?
- » Viltu þekkja efnasamsetningu matvæla, t.d. af hverju matur myglar?
- » Viltu eiga möguleika á góðu starfi að námi loknu í mörgum af stærstu fyrirtækjum landsins?

Ef svo er þá er nýtt og endurbætt nám í matvælafræði við Háskóla Íslands eitthvað fyrir þig. Kannaðu málið á vefsíðu Matvæla- og næringarfræðideildar: www.matur.hi.is

Umsóknarfrestur í grunnnám á háskólaárinu 2010–2011 er t.o.m. 5. júní 2010.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Dúx með 9,57 í meðaleinkunn

Anna Marzellíusardóttir útskrifaðist með hæstu einkunn á stúdentsprófi úr Menntaskólanum á Ísafirði nú í vor en hún fékk 9,57 í meðaleinkunn. Þykir það afar góður árangur og er með bestu einkunnum sem dúxar skólans hafa hlotið. „Þetta var algjörlega aukabónus þar sem ég stefndi aldrei beint á að verða dúx, en það var mjög gaman að uppskera þennan árangur,“ segir Anna. Hún segist ekki hafa verið örugg um að verða þessa heiðurs aðnjótandi.

„Ég vissi að það var góður séns en það var ekki pottþétt þar sem þetta er mjög flottur árangur.“ Anna fékk líka ýmis verðlaun fyrir framúrskarandi árangur, m.a. í náttúrufræði og um-



Anna Marzellíusardóttir.

hverfismennt, íslensku og dönsku auk þess sem hún hlaut verðlaun til minningar um Jón Leós, sem veitt fyrir félagsstörf, góða ástundun og námsárangur. Anna stefnir á háskólanám í líffræði í haust.

– thelma@bb.is

25% höfuðstólslækkun lána í erlendri mynt

– fyrir heimili

Nú eiga viðskiptavinir Landsbankans með lán í erlendri mynt tekin fyrir 8. október 2008 kost á að sækja um 25% höfuðstólslækkun gegn því að lánunum sé breytt í óverðtryggt eða verðtryggt lán í íslenskum krónum. Lausnin er afturvirk og því einnig í boði fyrir einstaklinga sem þegar hafa nýtt sér höfuðstólslækkun lána. Lausnin verður í boði til 30. júlí 2010.*

AÐRAR LAUSNIR FYRIR EINSTAKLINGA

- 110% aðlögun íbúðalána
- Greiðslujöfnun lána
- Fjárhagsleg hagræðing
- Endurfjármógnun skammtímalána
- Eingöngu vaxtagreiðslur í eitt ár
- Tímabundin föst greiðsla
- Frysting afborgana í allt að þrjú ár
- Frestun vegna sölutregðu
- Sértek skuldaaðlögun



LAUSNIR FYRIR HEIMILI | landsbankinn.is | 410 4000



Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.

*Ánari upplýsingar um skilyrði sem þarf að uppfylla er að finna á vefsíðu Landsbankans.

ENDURFJÁRMÓGNUN

Leikskóla- starfsmönnum fer fjölgandi

Starfsfólki á leikskólum á Vestfjörðum fjölgaði milli ára 2008 og 2009. 121 einstaklingur starfaði á leikskólum í fjórðungnum árið 2009 en 105 árið áður. Af þessum 121 einstaklingum voru 34 leikskólakennarar, átta með aðra menntum og 58 voru ófaglærðir. Flestir starfsmanna á leikskólum á Vestfjörðum á síðasta ári voru á aldrinum 40-49 ára eða 39 talsins.

Ef lítið er á síðustu tíu ára voru flestir leikskólastarfsmenn á Vestfjörðum árið 2001, eða 131 talsins. Fæstir voru þeir árið 2008 eða 105 talsins en þá voru einnig fæst leikskólabörn í skólum í fjórðungnum. Þetta kemur fram í tölum Hagstofunnar.

Ánægja með stjórnarsetu hafnarstjórans

Hafnarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur lýst yfir ánægju sinni með að Guðmundur M. Kristjánsson hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar hafi verið kjörinn í stjórn Cruise Europe samtakanna á aðalfundi þeirra í Amsterdam fyrir stuttu. Guðmundur er fulltrúi norðursvæðis í stjórninni, þ.e. Íslands, Noregs og Færeyja, en hana skipa níu manns. Cruise Europe eru samtök 105 hafna í Vestur-, Norður- og Mið-Evrópu sem vinna saman að markaðssetningu fyrir skemmtiferðaskip.

Af þeim 105 höfnum sem mynda samtökin eru fjórar á Íslandi.



Gísli Halldór Halldórsson forseti bæjarstjórnar og fulltrúar Aldrei fór ég suður þeir Örn Elías Guðmundsson, Hálfán Bjarki Hálfánarson og Rúnar Óli Karlsson við afhendingu verðlaunanna.

Aldrei fór ég suður hlaut Virðisaukann

Tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður hlaut Virðisaukann, frumkvöðlaverðlaun atvinnumálanefndar Ísafjarðarbæjar, í ár. Verðlaunin, sem afhent voru í Turnhúsinu í Neðstakaupstað á föstudag, eru ætluð sem hvatning til handa þeim sem sýna frumkvæði í málum er varða bæjarfélagið og samborgarana. Við veitingu þeirra er einkum tekið mið af framlagi við að auka fjölbreytni í atvinnu, menntun eða afþreyingu, að auka sýnileika bæjarfélagsins á landsvísi, sérstaks árangurs, framtaks á sviði þróunar vöru, þjónustu eða markaðssetningar. „Það er alltaf gaman fyrir okkur sem stöndum að þessu að fá klapp á bakið,“ segir Örn Elías Guðmundsson, betur þekktur sem Mugison, einn af aðstandendum hátíðarinnar.

„Það er niðurstæða atvinnumálanefndar að með hliðsjón af þessu sé rokkhátíðin Aldrei fór ég Suður vel að verðlaununum komin. Hátíðin hefur verið haldin í páskavíkunni frá árinu 2004, en feðgarnir Örn Elías Guðmundsson (Mugison) og Guðmundur M.Kristjánsson (Muggi - PapaMug) voru upphafsmenn að hátíð-

inni. Vinsældir og hróður hátíðarinnar vex með ári hverju, hún laðar að fjölda listamanna, blaðamanna og gesta, innlendra sem erlendra, enda hefur Aldrei fór ég suður vakið athygli langt út fyrir landsteinana og sækir fjöldi manns Ísafjörð heim til að komast á hátíðina og tónlistarmenn sem vilja koma fram á hátíðinni, án þess að þiggja greiðslu fyrir. Hátíðin er orðin fastur punktur í páskavíkunni/Skiðavíkunni, hátíð í hátíðinni og spannar dagskráin nú yfir 2 daga, þar sem hápunkturinn hefur jafnan verið með stóru atriði skipað heimamönnum, en skipulagið er í höndum heimamanna og ýmissa velunnara. Það fjölgar því verulega í Ísafjarðarbæ vegna stöðugrar aukningar í aðsókn á rokk- og alþýðu-hátíðina Aldrei fór ég suður, sem eykur þar með umsvif í sveitarfélaginu“, segir í rökstuðningi atvinnumálanefndar.

Virðisaukinn var fyrst afhentur árið 2002 en þeir sem fengið hafa verðlaunin eru Hraðfrystihúsið – Gunnvör, 3X Technology, Sveinbjörn Jónsson, Glitnir, Klofningur og Háskólasetur Vestfjarða.

– thelma@bb.is

Rúmar 12 milljónir í ritlaun á sjö árum

Sigurður Pétursson bæjarfulltrúi á Ísafirði hefur þegið rúmar tólf milljónir króna í ritlaun frá Alþýðusambandi Vestfjarða fyrir að skrifa sögu verkalyðshreyfingarinnar á Vestfjörðum, sem enn er hvergi nærri lokið. Í desember 2002 samdi Alþýðusamband Vestfjarða við Sigurð um að taka að sér þessa söguritun. Upphaflega var samningurinn til þriggja ára en hefur verið framlengdur um ár í senn allt til þessa dags. „Reiknað var með því að sagan kæmi út í tveimur bindum“, segir Sigurður.

„Fyrri bindið (hugsanlega fyrsta af þremur) liggur nú fyrir í handriti. Ritnefndin hefur fylgst með framvindu verksins og fund-

að með höfundi tvisvar á ári. Þá hafa ítarlegar skýrslur verið lagðar fram árlega, síðast í október 2009. Því er ekki að leyna, að verkefnið hefur tekið lengri tíma en áætlað var í upphafi. Á því eru tvær skýringar helstar. Í fyrsta lagi var vinna við skráningu skjalasafns félaganna miklum mun meiri en reiknað var með í fyrstu. Og í öðru lagi hafa önnur störf, svo sem kennsla, þátttaka í stjórn málum og bókaskrif gert það að verkum að vinna hefur á tíðum orðið slitrótt og jafnvel lent í uppstyttum um tíma. Er það miður og engum um að kenna nema mér sjálfum, að hafa fleiri járn í eldinum í einu.“

„Staðan er þannig nú, að fyrir



Sigurður Pétursson.

liggur í handriti fyrri (eða fyrsti) hluti verksins, sem nær yfir tímabilið 1880 til 1930. Í þessum hluta er farið yfir þéttbýlissögu Vest-

fjarða á þessu tímabili, sagt frá atvinnuháttum, félagshreyfingum og stjórnmálum og greint frá örlögum verkalyðsfélaga á Ísafirði, Bildudal, Þingeyri, Hnífsdal, Patreksfirði, Súðavík og Bolungarvík á greindu tímabili. Fyrir liggur auk þess mikil vinna við söfnun og skráningu myndefnis frá öllum Vestfjörðum. Það er því komið að því að velja myndefni og búa þetta bindi undir prentun, en um prentun og útgáfu hefur ekki verið samið. Best er að spá ekki um útgáfu fyrr en hún er komin á köppinn.“

„Þar sem ég hef haft af því spurnir að góðhjartað fólk hafi látið í ljós áhyggjur af fjárstreymi frá verkalyðshreyfingunni hér

vestra til skjalasafns og söguritunar tel ég rétt að upplýsa um þær greiðslur allt frá upphafi verksamnings eða á sjö ára tímabili frá 2003 til 2010. Á síðasta ári námu mánaðargreiðslur til mín að meðaltali 263 þúsund krónum og á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs 324 þúsund krónum (93 tímar á 3.500 kr).“

Sigurður segir að launagreiðslur til hans frá Alþýðusambandi Vestfjarða vegna verksins frá upphafi og til loka síðustu mánaðamóta séu samtals kr. 12.386.449. Þar sé eingöngu um verktakagreiðslur að ræða og einungis greiddar fyrir unna vinnu samkvæmt vinnustundafjölda.

– hlynur@bb.is

25% höfuðstólslækkun lána í erlendri mynt

– fyrir fyrirtæki

Nú eiga fyrirtæki í viðskiptum við Landsbankinn með lán í erlendri mynt tekin fyrir 8. október 2008 kost á að sækja um 25% höfuðstólslækkun gegn því að lánunum sé breytt í óverðtryggt eða verðtryggt lán í íslenskum krónum. Lausnin verður í boði til 30. júlí 2010.*

AÐRAR LAUSNIR FYRIR FYRIRTÆKI

Lán færð í 100% af eignavirði gegn eiginfjárframlagi

Miðað er við að skuldir fyrirtækja séu færðar í 100% af heildarvirði eða endurmetnu eignavirði ef eigandi greiðir 10% inn á lán fyrirtækis þannig að skuldir verða 90% af heildarvirði.

Lán færð í 115% af eignavirði án eiginfjárframlags

Miðað er við að skuldir fyrirtækja séu færðar í 115% af heildarvirði eða endurmetnu eignavirði ef eigandi leggur ekki til lágmarks eigið fé.

Frysting

Hægt er að fá frestun á hluta eða öllum afborgunum lána í 12-24 mánuði.



LAUSNIR FYRIR FYRIRTÆKI | landsbankinn.is | 410 4000



NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.

*Ánari upplýsingar um skilyrði sem þarf að uppfylla er að finna á vefsíðu Landsbankans.

ENDEMF / SJÁ / NM2147

Bæjarins besta er ekki Besti flokkurinn

Að gefnu tilefni skal tekið fram, að Bæjarins besta og bb.is eru ekki í framboði í kosningunum um komandi helgi. Af ýmsum skrifum að undanförmu á skutli.is, málgagni Í-listans í Ísafjarðarbæ, mætti hins vegar ráða að svo væri. Er blessað fólkið kannski að rugla saman Besta flokksnum í Reykjavík og Bæjarins besta á Ísafirði? Það er undarleg kosningabaráttu þar sem meira púðri er varið í niðskrif um Bæjarins besta og bb.is en baráttuna við hin framboðin í Ísafjarðarbæ! Væri ekki eðlilegra að pönkast á Eiríki Finni oddvita íhaldsins og Albertínu oddvita Framsóknar? Eða er málefnaþurrð Í-listans algjör?

Fjaðrafokið á Skutulsvefnum byrjaði á föstudag með ítarlegum rangfærslum varðandi frétt og aðsenda grein á bb.is daginn áður. Þessu svaraði ég samdægurs á vefnum bb.is þar sem hið rétta í málinu var skilmerkilega rakið. Samt er haldið áfram að klifa á sömu rangfærslunum. Meðal þeirra sem það gera er Henry Bæringsson, sem hefur um langa hríð haft óbeitt á okkar rekstri eins og ítrekað hefur komið fram í skrifum hans.

Afhverju kemur oddviti Í-listans, Sigurður Pétursson, ekki vitinu fyrir sitt fólk?

Sér til upprifjunar gæti Sigurður farið yfir tölvupóstana sem fóru milli hans og blaðamanns bb.is sem skrifaði fréttina margfrægu um ritun sögu verkalýðs-

hreyfingarinnar á Vestfjörðum – í nánú samráði við hann. Oddvitinn hlýtur að eiga þá í tölvu sinni rétt eins og blaðamaðurinn segist eiga á. Þar á meðal sendi blaðamaðurinn Sigurði fréttina til yfirlestrar og athugasemda. Blaðamaðurinn er afar ófús að láta tölvusamskiptin af hendi og frá honum hef ég fram til þessa aðeins fengið framsendan eftirfarandi póst frá Sigurði, sem blaðamaðurinn fékk eftir hádegi daginn sem fréttin og greinargerð Sigurðar birtust á bb.is. Nokkur önnur atriði úr tölvusamskiptunum og varðandi samtöl þeirra í síma hefur hann sagt mér en ekki sent mér. Umræddur tölvupóstur er á þessa leið:

Sæll Hlynur, tvær athugasemdir: Í fyrsta lagi í tilvitnun um önnur storf sem ég hef tekið að mér, þá kemur ekki skýrt fram að laun mín frá ASV eru einungis greidd fyrir unna vinnu, samkvæmt vinnustundafjöldi. Þetta kemur fram á tveimur öðrum stöðum í greinargerðinni.

Í öðru lagi, þá finnst mér að það eigi að koma fram í fyrirsögn og í meginmáli þar sem dregin er fram heildartala, að það sé heildargreiðsla á 7 árum fyrir tímabilið 2003-2010.

Kveðja, Sigurður.

Við þessum tilmælum var orðið. Tekið skal fram, að eftir þetta



Sigurjón J. Sigurðsson. voru gerðar smávægilegar lagfæringar á stíl og framsetningu í fréttinni. Sigurður var látinn vita af því áður en fréttin birtist svo að ekkert færi milli mála og hann vissi nákvæmlega hvað myndi birtast og hvernig. Til upprifjunar fyrir þá stuðningsmenn Í-listans, sem ennþá hamra á sömu rangfærslunum sem birtust á Skutulsvefnum á föstudagsmorgun, skulu hér endurtekin nokkur atriði úr athugasemd sem ég skrifaði á bb.is fyrir hádegi þann dag og ekki hafa verið gerðar athugasemdir við. Aflestri „fréttatilkynningar frá Í-lista“ á Skutli mátti ráða að bb.is hafi óvænt borist grein frá Sigurði og þess vegna hafi blaðamaður tekið sig til og skrifað frétt upp úr henni. Málavextir voru hins vegar þessir: Síðdegis á miðvikudag hringdi blaðamaður bb.is til Sigurðar og

spurðist í fréttaskyni fyrir um umrætt verk, framvindu þess, kostnað og fleira. Niðurstaða þess samtals varð sú að blaðamaður sendi Sigurði spurningar í tölvupósti, sem hann myndi síðan svara með sama hætti. Slíkt ráðrúm var sjálfsagt enda spurningarnar nokkuð ítarlegar og nánast engin leið að svara þeim fyrirvaralaust í samtali. Sigurður reiknaði með því að senda svör þá um kvöldið eða morguninn eftir. Rétt fyrir klukkan þrjú um nóttina barst blaðamanni tölvupóstur frá Sigurði þar sem hann sagðist þurfa að fara í gögn á skrifstofunni þá um morguninn til að geta lokið við að svara því sem hann var spurður um og svörin kæmu fyrir hádegið.

Það gekk eftir. Laust fyrir hádegi á fimmtudag bárust svörin frá Sigurði og þá í formi þeirrar greinargerðar sem birt var í aðsendum greinum á bb.is en ekki í formi svara við einstökum spurningum sem fyrir hann voru lagðar. Blaðamaður taldi þetta í góðu lagi enda var því svarað af nákvæmni sem um hafði verið spurt. Í tölvupóstinum þar sem Sigurður sendi greinargerð sína óskaði hann eftir því, að hún yrði birt í heild á vefnum bb.is, en vissi um og var samþykkur því að jafnframt yrði birt frétt með útdrætti úr greininni, eins og oft er gert á þeim vef eins og öðrum. Undir fréttinni var síðan bein tenging á greinargerð Sigurðar í heild í dálkinum *Aðsendar grein-*

ar. Jafnframt sagði Sigurður í tölvupósti með greinargerðinni: „Ég hef óskað eftir því að hún birtist á skutli.is síðar í dag.“ Blaðamaður segir að samskipti hans og Sigurðar vegna þessarar fréttar, bæði í nokkrum símtölum og nokkrum tölvuskeytum, hafi verið á vinsamlegum og góðum nótum. Hann segir jafnframt að Sigurður hafi vitað fyrirfram að fréttin og greinargerðin í heild myndu koma inn á vefinn bb.is á sama tíma síðdegis þennan dag. Á Skutulsvefnum á föstudagsmorgun sagði hins vegar m.a. í „fréttatilkynningu frá Í-lista“: „Hlýtur það að teljast einsdæmi að aðsendar greinar séu geymdar óbirtar inni á ritstjórnarskrifstofu tímunum saman til þess eins að hægt sé að vinna úr þeim útúrtnúning til að koma höggi á höfund.“ Og líka: „Fréttin er unnin úr gögnum sem Sigurður Pétursson hefur sjálfur sent á fjölmiðla.“ Einnig: „Bæjarins besta kys að líta algjörlega framhjá því að fréttin er unnin úr upplýsingum sem sagnfræðingurinn Sigurður Pétursson lét blaðinu sjálfur í té.“ Tilvitnaðar málsgreinar eru hrein afbökun á staðreyndum. Hið rétta er, að „aðsenda greinin“ sem „Sigurður Pétursson hefur sjálfur sent á fjölmiðla“ er beinlínis svar við fréttafyrirspurn bb.is til Sigurðar. Fyrirspurnin var meðal ótalmargra fréttapunkta sem biðu og jafnan biða vinnslu

Spurningin

Ertu ánægð(ur) með störf sérstaks saksóknara vegna bankahrunsins

Alls svörðuðu 453. Já sögðu 412 eða 91% Nei sögðu 41 eða 9%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Norðaustlæ átt, 3-10 m/s og víða bjartviðri, en skýjað NA-lands og stöku skúrir sunnan lands. Hiti 5-15 stig. **Horfur á laugardag:** Hæglætis veur, skúraleiðingar um vestanvert landið en annars skýjað með köflum. Hiti 10-15 stig. **Horfur á sunnudag:** Hæg breytileg átt, skýjað og smá úrkoma.

Ritstjórnargrein

Hann leysti hnútinn

Í gamalli sögu segir frá manni sem talinn var hafa komist til mikilla efna. Innur eftir hvernig honum hlotnuðust veraldlegu gæðin á hann að hafa sagt: Ég leysti hnútinn. Horft til alls umstangs valdhafa í kringum nafntogaðasta snærisþjóf Íslandssögunnar, Jón Hreggviðsson, má ætla að snærispottinn hafi verið nytsamur fyrri tíma mönnum, þótt nú sé lítið til hans gripið. Tvennt þótti ómissandi ef farið var af bæ: snærispotti og vasahnífur. (Nú er það gemsinn.) Sagan af manninum sem leysti hnútinn var fyrrum talin þarft lestrarefni ungmenna, hvar af mátti læra um siðaðra manna háttu, gott veganesti þeirra sem voru að taka sín fyrstu skref inn í veröld fullorðinna þar sem freistingar leyndust við hvert fötmál.

Í gegnum aldir hefur íslenska þjóðin upplifað margs konar hremmingar og innbyrðis átök, náttúruhamfarir og drepsoðtir. Alltaf hefur hún þó hjarað, þótt langan tíma tæki að rétta úr kútnum. Og það sem meira er: Á síðustu öld náði hún að skipa sér í raðir fremstu þjóða heims á mörgum sviðum. Framtíðin virtist björt. Og flestir trúðu því að hér væri allt eftir reglum og siðum sem teljast aðall hvers manns.

Mikið vill meira. Nokkur ár svokallaðs góðæris gengu yfir, miskipt að vísu eftir landshlutum. Þjóðfélagið umhverfðist. Litla örþjóðin í stóra landinu úti í miðju Atlantshafi varð allt í einu nafli fjármálaheimsins, átti að sigra heiminn. Bankarnir tótnuðu út og

daglegar fréttir af kaupum íslenskra útrásarvíkinga á verslunarkerðjum í erlendum stórborgum ómuðu í eyrum. Ríkisbáknið stökkbreyttist úr svo til meinlausum bæjarlæk í stjórfljót í vorleysingum; íslenskar sendiráðsbyggingar um víða veröld þóttu fréttaefni og sendiherrastéttin ein mannaði nokkur handboltalið. Umboðsmaður hestsins, takk fyrir!

Valt er veraldargengið. Spilaborgin hrundi. Eftir situr hnípin þjóð. Allir óánægðir. Allt ómögulegt. Allar væntingar fyrir bí. Enginn gerir neitt af neinu viti. Engin samstaða eða sátt. Í ofnáglag: Sveitarstjórnarkosningar á laugardaginn!

Stjórnámálamenn eru ekki efstir á vinsældalistanum. Þykja meðal annars leiðinlegir. Er það ekki mikil einföldun að ætla öllum stjórnámálamönnum illt eitt? Hverjir bera ábyrgð á að þessir menn komust til valda? Maðurinn einn er ei nema hálfur, með öðrum er hann meiri en hann sjálfur. Hvað sem augnablikinu líður erum við og verðum alltaf háð hvert öðru. Þess vegna leitum við félagsskapar og samstarfs með einum eða öðrum hætti. Það var bara Palli sem var einn í heiminum.

Verðandi bæjarfulltrúar í Ísafjarðarbæ eiga mikið og erfitt verk fyrir höndum. Bæjarfélagið þarf á því að halda að þeir taki höndum saman. Þeirra biður að leysa hnútinn.

s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgoðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is*. **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is*, Kristján Einarsson, símar 456 4560 og 848 3403, *kristjan@bb.is*. **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

á ritstjórn bb.is.

Mjög verður að draga í efa að Sigurður Pétursson sé viðriðinn skrifin í Skutli á föstudagsmorgun eða hafi vitað af þeim, svo fjarri sem þau eru hinu rétta. Hitt væri slæmt ef hann hefur gegn betri vitund lagt blessun sína yfir þessi vinnubrögð. Góður oddviti hefur stjórn á sinni hjörð!

En segja má að steininn hafi tekið úr á Skutulsvefnum með innleggi frá Atla Þór Fanndal kosningastjóra Í-listans á laugardagskvöld. Þar virðist vera að verki bitur maður í hefndarhug. Atli þessi var stuttan tíma til reynslu sem blaðamaður á Bæjarins besta en réð því miður ekki við starfið og var þess vegna látinn hætt.

Atli blandar fyrirtækinu Pixel í málið á sinn smekklega hátt, ef svo má segja. Þess má geta, að við eigum mikið og gott samstarf við Pixel eins og menn þar á bæ geta staðfest.

Atli segir að Bæjarins besta sé prentað fyrir sunnan í Odda. Að vísu er það missögn að blaðið sé prentað í Odda en það er aukaatriði. Bæjarins besta er vissulega prentað í Reykjavík og ástæðan er einföld. Svo viðamikil litprentun í svo stóru upplagi er einfaldlega ódýrari í fjögurra lita prentvél en í prentsmiðjunni á Ísafirði. Þegar byrjað var að láta prenta Bæjarins besta syðra fyrir bráðum hálfu öðru ári urðu þau tímamót í sögu blaðsins, að frá þeim tíma hefur það allt verið litprentað en ekki fæinar síður eins og áður var.

Allt öðru máli gegnir um smærri prentverkefni af nánast öllu tagi, sem prentsmiðjan á Ísafirði annast eftir sem áður.

En segja má að þetta hafi verið smámunirnir hjá Atla Þór Fanndal kosningastjóra Í-listans í innleggi hans. Orðbragðið, svívirðingarnar, dylgjurnar og lygarnar hjá honum eru að öðru leyti með þeim hætti, að ástæða væri til að höfða meidýrðamál á hendur honum.

Fyrir þá sem ekki hafa séð þessi kosningastjóra Í-lista leyfi ég mér að birta þau hér til fróðleiks:

Bæjarins Besta og H-prent (bb hefur nýlega verið fært úr H-prent yfir í Gúttó ehf.) er prentað fyrir sunnan í Odda. Það fer í

prentun á mánudogum eða þriðjudogum (man ekki hvort það var) um hádegis. Þeir H-prent menn halda því alltaf á lofti að þeir séu með prentsmiðju hér sem er argasti fyrirsláttur þar sem oll tæki þarna eru svo úr sér gengin að nánast ekkert er prentað þarna. Prentsalurinn er svo lélegur orðinn að fjolritunarstofa gæti slegið þessu út.

Svo hjóla þessir menn í fólk sem prentar hjá PIXEL fyrir að prenta ekki í heimabyggð, þrátt fyrir það að Pixel sé hérna með starfsstöð. BB er meinsemd á samfélaginu hérna, gangandi um hótandi eigendum fyrirtækja sem ekki auglýsa nóg hjá þeim nú eða voga sér að auglýsa t.d. í Al-manakinu sem kom út einu sinni í viku um stutta stund. Það var sorglegt að sjá Ritstjóra BB ganga á milli fólks húðskammandi það fyrir að auglýsa hjá þeim aðila en ekki hjá einokunarmiðlinum BB.

Svo langt hefur þetta gengið að embættismenn bæjarins fá skammir fyrir að auglýsa í landsfjolmiðlum. Þó er það logbundin skylda bæjarins að gera svo.

Segja má að hér sé vel að verki staðið hjá Atla Þór Fanndal kosningastjóra að koma svo miklu af svívirðingum, rangfærslum og hreinum lygum í svo stuttan texta!

Það er svo einn kapítulinn enn, að blaðamaður Bæjarins besta og bb.is reyndi á sínum tíma allt sem hann mögulega gat til að fá frambjóðendur Í-listans til að svara spurningum og verða með mynd á forsiðu Bæjarins besta, í samræmi við það sem gert var varðandi D-listann. Á hverju strandaði? Jú, Í-listinn gat með engu móti komið sér saman um hvernig það yrði gert og hverjir myndu eiga þar hlut að máli. Sannarlega strandaði það ekki á viðleitni Bæjarins besta að svo mætti verða.

Ekki hef ég spurnir af því að Bæjarins bestu við Tryggvagötu í Reykjavík hafi fyrir misskilning lent í orrahrið kosningabaráttunnar syðra, a.m.k. ekki enn sem komið er. En hver veit hvað verður á lokasprettinum?

Gleðilegar kosningar!

Sigurjón J. Sigurðsson, ritstjóri Bæjarins besta og bb.is.



Tjörúhúsið í Neðstakaupstað.

Reikna með að opna eftir hvítasunnu

Magnús Hauksson og Ragnheiður Halldórsdóttir, vertar í Tjörúhúsinu í Neðstakaupstað, reikna með að opna veitingastaðinn fljótlega eftir hvítasunnu. „Þetta hefur gengið þannig fyrir sig núna að það er pantað hjá okkur einn og einn dagur og við sinnum því, ég reikna ekki með því að opna formlega fyrr en eftir hvítasunnu,“ segir Magnús. Fyrirkomulag á opnun Tjörúhússins verður með svipuðu sniði og undanfarin ár en matargerð Magnúsar hefur víða verið hrósað og hefur staðurinn oft verið nefndur einn af betri fiskveitingastöðum landsins.

„Þetta verður allt með hefð-

bundnu sniði en það verður sjálf-sagt einhverjar nýjungar á matseðlinum eins og alltaf,“ segir Magnús.

Magnús segir að sumarið leggist þokkalega í þau hjón. „Maður veit náttúrulega ekkert hvernig fer með túrismann í sumar. Síðan minnumst við þess þegar Evrópumeistaramótið í fótbolta var haldið síðast að þá var afskaplega rólegt, enda þýðir ekkert að plata karlmenn í sumarfrí á svoleiðis tímum,“ segir Magnús. „Eftir mótið var eins og flóðgátt hafi opnast, en ég er þá aðallega að tala um íslenskt fjölskyldufólk sem er kannski að ferðast hringinn eða svoleiðis. Það fer ekkert af stað í friði fyrr

en þessu er lokið,“ segir Magnús en hann segir erfitt að meta hvort að það séu fleiri Íslendingar eða útlendingar sem heimsækja staðinn.

Magnús segir að um hásumarið sé stöðugur straumur af fólki og þannig hafi það verið síðustu ár. „Það var líka vegna þess að hér voru svo fáir mat-sölustaðir í bænum, en núna hefur ræst aðeins úr því og við erum mjög ánægð með það skuli vera komnir fleiri mat-sölustaðir því það má segja að það hafi vantað yfir háannatímann til þess að geta boðið fólki upp á samilega þjónustu,“ segir Magnús Hauksson, vert í Tjörúhúsinu.

Vestfirðir án jarðskjálftamæla

Engir jarðskjálftamælar eru á Snæfellsnesi og á Vestfjörðum. Á meðfylgjandi mynd, sem sýnir næmni jarðskjálftamæla netsins á landinu, er næmnin hæst á rauðu svæðunum í miðju virka gosbeltinu. Haraldur Sigurðsson, eldfjallafræðingur í Stykkishólmi, segir nauðsynlegt að bæta úr þessu. Netið skynji aðeins skjálfta á

Vestfjörðum sem eru stærri en 1,5 á Richterskvarða (græna svæðið) og aðeins skjálfta sem eru stærri en 1,0 á Snæfellsnesi (gula svæðið).

Næsta mæli við Snæfellsnes er að finna í Húsafelli í Borgarfirði. Haraldur segir að fylla þurfi í þetta gat á mælakerfinu sem og setja þurfi upp mæla, bæði í Ey-steinsdal við Snæfellsjökul og í

Ljósufjöll. „Báðar þessar eldstöðvar geta verið virkar, en við höfum enga hugmynd um skjálftavirkni undir þeim,“ segir Haraldur og bætir við að hann hafi lagt til að þarna yrðu settir jarðskjálftamælar en fengið þau svör að fjármagn skorti til verksins.

Frá þessu er greint á *skessuhorn.is*. –kristjan@bb.is

Torfhildur 106 ára

Torfhildur Torfadóttir á Ísafirði, elsti núlifandi Íslendingurinn, varð 106 ára á mánudag. Hún er fædd í Asparvík í Strandasýslu, yngst ellefu systkina, átta alsystkina og þriggja hálf systkina, og ólst upp í Selárdal í Steingrímsfirði. Nokkur

systkinanna náðu háum aldri, Asgeir varð 100 ára, Eymundur 96 ára og Guðbjörg 91 árs. Eftir fermingu var Torfhildur í vinnu-mennsku í Reykhólasveit í Austur-Barðastrandarsýslu en flutti síðan til Ísafjarðar og giftist Einari Jólssyni sjómanni.

Einar lést árið 1981. Þau eignuðust fimm börn og eru þrjú þeirra á lífi, Torfi, Sigurbjörn og Kristín. Fimmtán konur hafa náð þessum aldri, þar af tvær fæddar á Vestfjörðum, Kristín P. Sveinsdóttir og María Andrésdóttir.

– bb@bb.is



Áunnin réttindi lækka um 8%

„Árið kom þokkalega út miðað við árið áður,“ segir Guðrún K. Guðmannsdóttir framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Vestfirðinga, en ársfundur sjóðsins var haldinn fyrir stuttu. Nafnávöxtun sjóðsins á árinu 2009 var 9,1% sem jafngildir 0,5% raunávöxtun sem er mikill bati frá fyrra ári. Eignir sjóðsins hækkuðu um 9% milli ára. Á ársfundi sjóðsins var samþykkt að réttindi áunnin réttindi sjóðsfélaga yrðu lækkuð um 8%. Að sögn Guðrúnar verður það gert í tveimur áföngum, í júlí og október. „Við lækkuðum einnig réttindi í fyrra en við erum þó ekki búin að snúa til baka allri þeirri hækkun sem varð á góðæristímanum. Við eigum enn eftir 2% af því. Auðvitað vonum við að allt fari að snúast til betri vegar en við erum enn að bíða eftir uppgjörum úr þrotabúum

gömlu bankanna en þar áttum við töluvert af skuldabréfum. Vonandi fer að stytast í niðurstöður þar.“

Í tilkynningu frá sjóðnum fyrir ársfundinn kom fram að staða sjóðsins er innan þeirra marka sem bráðabirgðaákvæði laga um lífeyrissjóði setur og er því ekki skylt að breyta réttindum sjóðfélaga. Markmiðið er hins vegar að starfrækja sjóðinn þannig að staða hans sé sem næst því að vera í jafnvægi og ákvað stjórnin því að leggja fyrir ársfundinn tillögu um að réttindi sjóðfélaga yrðu lækkuð um 8%.

Árið 2009 einkenndist mest af útgreiðslum úr séreignardeild vegna breytinga á lögum um lífeyrissjóði þar sem sjóðfélögum yngri en 60 ára var heimilað að taka allt að einni milljón króna út af séreign á níu mánuðum.



Lífeyrissjóður Vestfirðinga er til húsa í Neista á Ísafirði.

Greiddar voru úr séreign 37 milljónir og þar af voru 23 vegna lagabreytinganna. Hrein eign séreignardeildar var í árslok 419

milljónir og hafði hækkað um 15 milljónir frá fyrra ári.

Á ársfundinum urðu einnig þær breytingar á stjórn sjóðsins

að Finnþógi Sveinbjörnsson var kjörinn í stað Bjarna Gestssonar sem sinnt hefur stjórnarstörfum frá árinu 1981.

Kostnaður við nýbyggingu GÍ var 740 milljónir króna

Heildarkostnaður við nýbyggingu og endurbyggingu Grunnskólans á Ísafirði á árunum 2005-2009 var rúmlega 740 milljónir króna eða 244 milljónum minna en kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir. „Heildarkostnaður sem fallinn er á verkið frá árinu 2005 er kr. 742,2 milljónir, mismunurinn er því 244 milljónir. Hér hefur ekki verið tekið tillit til verðbóta,“ segir í bókun byggingarnefndar framtíðarhúsnæðis Grunnskólans á Ísafirði. Kostnaðurinn skiptist í grófum dráttum þannig: Byggingarkostnaður viðbyggingar var 493,8 milljónir. Hönn-

unar- og eftirlitskostnaður 72,1 milljónir. Húsbúnaður og tölvukaup 59,3 milljónir. Lóðaframkvæmdir 43 milljónir. Mötuneyti 29,3 milljónir og Austurvegur 2, 23 milljónir.

Kostnaður skiptist þannig milli ára að hann hljóðaði upp á 81,8 milljónir árið 2005. Þar af fóru 15 milljónir í framkvæmdir við anddyri við Austurveg 2, 8 milljónir í utanhússviðgerðir, 23 milljónir í hönnun, 29,3 milljónir í mótuneyti Grunnskólans á Ísafirði og 6,5 milljónir fóru í annað. Kostnaður árið 2006 var 113,8 milljónir. Þar af fóru 73,4 milljónir

til aðalverktaka, 11 milljónir í lóð við Austurveg, 4,1 milljónir í eftirlit, 24 milljónir í hönnun viðbyggingar og 1,3 milljónir í búnað í mótuneyti.

Árið 2007 fóru 172,5 milljónir í greiðslur til aðalverktaka og eftirlits. Árið 2008 var kostnaðurinn 369,5 milljónir. Þar af var kostnaður aðalverktaka 255 milljónir, húsbúnaður 34,5 milljónir, tölvur 22,1 milljónir, skólalóð 32 milljónir, skólastofur í gagnfræðaskólanum 10,4 milljónir, eftirlit 5,5 milljónir og annað 10 milljónir. Kostnaður árið 2009 var 2,8 milljónir króna.

Jákvæður rekstur í Bolungarvík

Rekstrartekjur Bolungarvíkurkaupstaðar á síðasta ári námu 679 milljónum króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum upp á 642 milljónir króna. Rekstrartekjur A hluta námu 567 milljónum en áætlun gerði ráð fyrir 547 milljónum. Rekstrarniðurstaða bæjarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð um 179,4 milljónir króna en sam-

kvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 47,3 milljón króna jákvæðri rekstrarniðurstöðu.

Rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 71,3 milljón króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu upp á 24,4 milljónir. Eigið fé bæjarfélagsins var jákvætt í árslok um 0,4 milljónir en þar af var eigið fé A hluta jákvætt um 196,3 milljónir.

Á árinu 2008 gerði bæjarstjórn Bolungarvíkur og eftirlitsnefnd

með fjármálum sveitarfélaga með sér samning um fjárhagslegar aðgerðir og eftirlit. Markmið samningsins er að stöðva hallarekstur og skuldasoðun, bæta eiginfjárstöðu og styrkja rekstrargrundvöll sveitarfélagsins til framtíðar. Laun og launatengd gjöld á árinu námu alls 305,5 milljónum króna en starfsmannafjöldi hjá bæjarfélaginu var að meðaltali 62. Laun bæjarstjórna, bæjarráðs og bæjarstjóra námu kr. 13,4 millj. á árinu 2009.



Vestfjarðavegur (60) milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði

Drög að tillögu að matsáætlun

Vegagerðin auglýsir hér með drög að tillögu að matsáætlun vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Vestfjarðavegi (60) milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði í sveitarfélögum Reykhólahreppi og Vesturbyggð. Núverandi vegur er 24,2 km langur en nýr vegur verður 19,1 eða 16,1 km langur, háð leiðarvali í Mjóafirði. Skoðaðar hafa verið tvær leiðir, veglína A og veglína B í Mjóafirði. Nýlagning vegna veglínú A er 8,8 km en nýlagning vegna veglínú B er 8 km.

Markmið framkvæmdarinnar er að bæta samgöngur á Vestfjörðum.

Drög að tillögu að matsáætlun eru kynnt á veraldarvefnum, samkvæmt reglugerð 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum. Tillöguna er hægt að skoða á eftirfarandi heimasíðu: www.vegagerdin.is. Almennningur getur gert athugasemdir við áætlunina og er athugasemdafrestur í 2 vikur eða til 7. júní 2010. Athugasemdir er hægt að senda með tölvupósti til helga.adalgeirsdottir@vegagerdin.is eða senda til Vegagerðarinnar, Miðhúsavegi 1, 600 Akureyri.

Samkaup**úrval**

góðir grannar

...sjá öll tilboð á samkaupurval.is

Sparnaðartilboð helgarinnar 27. - 30. maí

Krydduð
Kjúllalæri
á **33%**
afslætti!



~~820~~
549 kr.
kg



Guacamoli
á **50%**
afslætti!

~~398~~
800 g **199** kr.
pk.

Ferskir ávextir
og ljúffeng uppskrift,
allt í einum pakka!

30%
afsláttur

~~449~~

314 kr.
pk. Ostapylsur
frá **Goða**

**Góð
kaup!**

Kjúklingur

998 kr.
pk. Bringur, frystar, 900g

798 kr.
pk. Lundir, frystar, 700g

**Góð
kaup!**

~~1.098~~

878 kr.
kg Lamba grillleggir
úr kjötborði eða pakkaðir ferskir

30%
afsláttur

~~2.842~~

1.989 kr.
kg Lambakótilettur
á grillið, frá **Kjötseli**

25%
afsláttur

~~998~~

749 kr.
kg Sænskar hakkbollur
frá **Goða**

**Góð
kaup!**

~~1.695~~

1.288 kr.
kg Lambahryggur
mjór, úr kjötborði eða pakkaður ferskur

30%
afsláttur

~~2.842~~

1.989 kr.
kg Lambalærisssneiðar
á grillið, frá **Kjötseli**

30%
afsláttur

~~1.998~~

1.399 kr.
kg Svínalundir
danskar

**Góð
kaup!**

~~3.198~~

2.878 kr.
kg Lamba Rib Eye
úr kjötborði eða pakkað ferskt

**Góð
kaup!**

~~2.998~~

2.398 kr.
kg Lambainnralæri
úr kjötborði eða pakkað ferskt

**Góð
kaup!**

~~649~~

499 kr.
pk. Alvöru hamborgarar
2 x 175g, frá **Goða**

...einstök þjónusta í **góðum verslunum**

Væri örugglega þungarokkari

Hjálmar H. Ragnarsson, tónskáld og rektor Listaháskólans, er sannfærður um það að ef hann væri ungur í dag myndi hann heillast af þungarokki. Hann sér þó ekki eftir þeim farsæla ferli sem hann hefur átt og hlakkar til að snúa sér alfarið að tónlistarsköpun þegar tímabilinu sem rektor lýkur eftir þrjú og hálf ár. Hjálmar rakti sögu sína í stórum dráttum fyrir Bæjarins besta og auðvitað hefst hún á Smiðjugötu 5 á Ísafirði, þar sem foreldrar hans, þau Ragnar H. Ragnar og Sigríður Jónsdóttir Ragnar, réðu ríkjum.

„Smiðjugata 5 er ekki bara hús, þótt það sé með fallegustu húsum, heldur er þetta líka nokkurs konar menningarstofnun og menn tengja þetta hús við tónlistarsögu Ísfirðinga og jafnvel Vestfirðinga. Þar var rekinn tónlistarskóli áratugum saman og þar var og er enn nokkurs konar menningarmiðstöð. Á þeim árum sem ég er að alast þar upp og foreldrar mínir eru allt í öllu í menningarlífinu á Ísafirði þá er þarna straumur fólks í gegnum húsið, ekki bara Ísfirðingar heldur ekki síður aðkomufólk. Ég held það megi segja að flestir rithöfundar og listamenn, auk margra annarra, sem komu til Ísafjarðar á þessum árum hafi talið sig eiga erindi á Smiðjugötuna. Ég man eftir bláókunnugu fólki sem hringdi bjöllunni og sagði að því hefði verið sagt að það yrði heimsækja Siggu og Ragnar ef það væri á Ísafirði. Það þótti bara sjálfsagt og alltaf jafn vel tekið á móti öllum.

En fyrst og fremst var þetta auðvitað staður fyrir ungt fólk. Þótt foreldrar mínir, og þá sérstaklega pabbi, hafi þá verið orðinn roskinn þá var Smiðjugatan staður sem ungt fólk átti einhvern veginn erindi við, hvort sem það voru menntskælingar eða yngri krakkar, þannig að þetta var ekkert venjulegt heimili. Mest af

kennslunni við Tónlistarskólann fór fram á Smiðjugötunni, þótt pabbi reyndar kenndi meira úti í bæ og eignaðist vinskapið við alls konar fólk sem leigði honum herbergi þar sem hann fékk nemendur í tíma. Svo voru auðvitað hljómleikar í stofunni alla sunnudaga og reyndar miklu oft. Mamma kenndi líka tónfræði heima, því þótt hún væri ekki menntuð tónlistarkona gat hún kennt allan skráttann, líka tónlist. Hennar aðalstarf var þó að kenna við Barnaskólann. Hún tók líka oft krakka sem hún var að kenna þar með sér heim og hjálpaði þeim við heimanámið. Hún hafði góð tök á unglíngum sem voru taldir vandræðagæmlingar í þá daga og var oft fengin til að kenna þeim. Þannig að það var ekki bara tónlistarskólinn sem átti athvarf í húsinu heldur líka þessir skjólstaðingar mömmu.“

Var þetta aldrei erfitt fyrir ykkur systkinin?

„Nei, ég minnst þess nú ekki. Það var kannski bara ekkert spurt. Við til dæmis æfðum okkur oft einhvers staðar úti í bæ, því það var ekkert auðvelt að komast í píanóið heima. Þetta var, eins og ég segi, bara stöðugur gestagangur og okkur þótti það alveg eðlilegt. Pabbi var líka organisti í kirkjunni, þannig að hann tók oft á móti fólki út af jarðarförum og alls konar athöfnum, og svo voru oft minni kóræfingar heima og þá dundi húsið af söng.“

Svo höfðu foreldrar mínir líka mjög gaman af því að skella upp veislum. Ég man til dæmis að einhvern tíma kom strandferðaskip að höfninni á Ísafirði og það var heill karlakór um borð. Pabbi hitti þessa menn á rölti um bæinn og bauð þeim bara öllum heim um kvöldið, sirka sextíu manns! Þær eru minnisstaðar margar veislurnar, enda mikið af tónlistarfólki sem spilaði og söng. Ólafur Kristjánsson úr Bolungarvík var til dæmis fastagestur og lék

oft fyrir dansi í stofunni ásamt fleirum. Og svo var sungið endalaust, allt frá gömlum þjóðlögum upp í alla þessa slagara sem við þekkjum. Öhemju skemmtilegt. Þessar veislur vildu oft dragast fram eftir nóttunni og ég man eftir pabba komnum á níðæðisaldur vera að kveðja fólk með hermannakveðju klukkan sex og sjö á morgnana á tröppunum fyrir utan.“

Áhrif föðursins

„Ég get eiginlega ekki talað um föður minn eins og venjulegan föður. Hann var náttúrulega mikið eldri en ég, var 52 ára þegar ég fæddist og orðinn þroskaður maður, þannig að þetta var svolítið öðruvísi samband. Hann var á vissan hátt kannski fjarlægari en líka mjög náinn og talaði alltaf við okkur systkinin eins og við værum fullorðin fólk, gerði gríðarlegar kröfur til okkar og reyndar allra og til sjálfs sin ekki minnst. Hann talaði alltaf við börn af mikilli virðingu og ætlaðist til þess að þau svöruðu á sama hátt. Það var kannski þar sem galdurinn lá í uppeldinu hjá foreldrum mínum, að tala við börn af alvöru, hlusta á þau og taka mark á því sem þau sögðu, en um leið gera kröfur á móti. Þetta er mörgum mjög minnisstætt sem fóru undir þeirra handarjaðar að einhverju leyti og ég er alltaf að hitta ókunnugt fólk sem heilsar mér eða tekur mig tali og segist vita hver ég er vegna þess að foreldrar mínir hafi á einhvern hátt komið inn í líf þess. Og oftast er þessu fólki minnistæðast hversu mikla virðingu foreldrar mínir hafi sýnt því sem börnum. Það var algengt viðhorf til barna í sjávarþorpum á þessum tímum að þau ættu fyrst og fremst að læra að vinna og annað nám ætti að koma númer tvö.“

Ég man eftir mörgum þrumandi ræðum sem pabbi hélt við



tónleika og skólaslit Tónlistarskólans, sem þá voru haldin í Alþýðuhúsinu, þar sem hann bryndi fyrir þeim fullorðnu að hvetja börnin til náms og kaupa handa þeim hljóðfæri, eins konar mannréttindayfirlýsingar fyrir börn. Hann gat orðið ansi harðorður og eðlilega þótti okkur systkinunum þetta vera mjög óþægilegt. Við skömmuðumst okkar hálfpartinn fyrir þessar ræður pabba. Hann var á margan hátt mjög sérstakur og gat verið mjög bráður, en það var fljótt að fara úr honum. Það að hafa búið erlendis í næstum 30 ár og þar að auki þjónað sem hermaður í seinni heimstyrjöldinni setti auðvitað mark sitt á hann. Hann gerði þá kröfu að menn stæðu við sitt og vönduðu sig við allt sem þeir gerðu. Engar undantekningar leyfðar þar á.“

Kom aldrei til greina að þú

legðir annað en tónlistina fyrir þig?

„Jú, það kom vissulega til greina. Umræðuefnin heima spönnuðu vítt svið og við systkinin fengum hvatningu til að leita okkur þekkingar á hinum ólíkustu sviðum. Ég man til dæmis eftir umræðum um mengun, löngu áður en sú umræða kviknaði í þjóðféluginu almennt. Þá var mikið rætt um heimspólitík, listir, bókmenntir og meira að segja flóknari vísindi eins og eðlisfræði og stjörnufræði. Pabbi átti líka eitt stærsta og verðmætasta privatbókasafn á Íslandi, sem hann hafði komið sér upp allt frá því hann var í Ameríku, alls konar bækur, bæði íslenskar og erlendar, skáldverk, ljóð, og fræðibækur og uppsláttarrit.“

Ég hafði mikinn áhuga á náttúrufræði og stefndi á það á tímabili að leggja hana fyrir mig. En



Ljósmynd: Mbl./Kristinn Ingvarsson.

á einhverjum tímamarki kom að því að ég þurfti að ákveða hvort ég vildi fara í tónlistarnám til Bandaríkjanna eða eitthvert annað til að stúdera náttúruvísindi. Ég lagði það fyrir föður minn hvað ég ætti að gera að ævistarfi. Man að þegar ég spurði hann var hann eins og svo oft uppi í rúmi að lesa. Hann lagði frá sér bókina, hlustaði á mig og sagði að þetta yrði að vera mín ákvörðun, enginn gæti tekið hana fyrir mig. En eftir smá umhugsun bætti hann við: Það er bara eitt sem ég get ráðlagt þér, veldu þér þá grein sem þú ert viss um að þér eigi eftir að finnst skemmtilegt að vinna við alla ævi. Þetta svaraði spurningu minni, allavegana að hálfu, og ég valdi tónlistina. En það varekkert sjálfgefið og hugur minn hefur alltaf staðið til margra átta, mér leiðist fagidjótismi og þröngsýni. Í starfi mínu sem rekt-

or Listaháskólans umgengst ég ótrúlega fjölbreyttan hóp fólks, sem kemur af ólíkum sviðum, t.d. arkitekta og hönnuði, fyrir utan svo auðvitað tónlistarfólk og annað listafólk. Sérstaklega finnst mér þó gaman að umgangast þennan fjölbreytta hóp nemande sem er hér í námi. Þeir hafa með sér kraftinn og hugmyndaauðgina. Ég er kannski að gera eins og pabbi, halda mér ungum með því að vera í stöðugu samneyti við ungt fólk.“

Hafirðu fordæmi föður þíns í huga þegar þú ákvaðst að taka þetta starf að þér?

„Já, satt best að segja, þá gerði ég það. Það virðast hafa verið einhver álög í báðum ættum mínum um að menn stofni skóla. Afi pabba, langafi minn, var Torfi Bjarnason sem stofnaði fyrsta búnaðarskóla á landinu í Ólafsdal í Gilsfirði, sem var mjög merk

stofnun og skapaði tímamót í atvinnuuppbyggingu í landinu. Pabbi stofnaði Tónlistarskólann á Ísafirði, ég átti ömmubróður, Björn Jakobsson, sem stofnaði fyrsta íþróttaskólann á Íslandi og sem síðar varð Íþróttaskólinn á Laugarvatni, og ég kem svo að stofnun Listaháskólans, þannig að ég hugsaði með mér að þetta hlytu bara að vera örlög mín. Það er ótrúlega gaman að teikna upp og sjá það gerast að til verði svona vettvangur eins og skóli þar sem allt þetta frelsi ríkir í samskiptum fólks, frelsi til að prufa og gera tilraunir, frelsi til að láta reyna á alla hæfileika manns, og staður þar sem maður hefur svigrúm til láta allt ganga upp en líka ríkir umburðarlyndi gagnvart því að mönnum getur mistekist. Mín sýn þegar við stofnuðum Listaháskólann var að búa til skólann sem mig hefur

alltaf langað til að vera í sjálfur og nú er ég búinn að vera hérna á tólfta ár. Það eru alltaf einhver verkefni eftir og háskóli er auðvitað flókið samfélag. Í aðra röndina er ég hér sem skólamaður og listamaður og í hina röndina er ég eins og bæjarstjóri sem fæst við hin ótrúlegustu mál. Ég hef mjög gaman af mannlegum samskiptum og þar nýtast auðvitað vel áhrifin frá Ísafirði og uppeldinu þar.“

Mótunarár í Reykjavík og Boston

„Ég fer frá Ísafirði í Menntaskólann í Reykjavík rétt sautján ára, það var mjög þroskandi. Ísafjörður var orðinn mér þröngur á þessum tíma og alveg kominn tími á að uppgötva höfuðborgina. Ég fann mig vel í borginni og fyrsta skóladaginn var ég mættur

niður á Kaffi Tröð, sem var þá aðalstaðurinn, og mér fannst að ég hefði bara alltaf átt að vera þar. Þar kynntist ég fólki sem ég tengdi strax við. Þetta er á þeim tíma þegar æskan er í uppreisn og breytingar í uppsiglingu, sjálfstæðisbarátta ungs fólks í blóma þarna um 1970. Ég var meðfram menntaskólanáminu í píanónámi hjá Árna Kristjánssyni við Tónlistarskólann í Reykjavík, en það var svo margt um að vera að ég mátti ekkert vera að því að eyða miklum tíma í að æfa mig. Maður þurfti að upplifa svo mikið, uppgötva ástina og allt þetta sem fylgir unglingsárunum.

Svo býðst mér að fara í tónlistarnám við mjög góðan háskóla í Boston og er boðinn góður fjárstyrkur til að stunda námið. Ég held að á þessum tíma hafi verið litið á Ísland sem hálfgrert þróunarland og þess vegna kannski

hafi mér verið boðinn þessi styrkur. Allavegana, þetta kom sér mjög vel, og ég fór út. Þar byrjaði ég fyrst í tónsmíðunum. Mér hafði bara aldrei dottið í hug að ég gæti orðið tónskáld. Einhvern veginn var maður alinn upp í því að „tónskáld“ væri eitthvað svo upphafið, eiginlega ígildi Guðs almáttugs. Bach og Beethoven voru í huga manns varla mennsk-ir menn, þeir sátu við hlið Drott-
ins og það að ætla sér að búa til eitthvað eins og þeir höfðu gert var náttúrulega bara goðgá. En í háskólanum í Boston gerðist margt, ég kynnist nýjum straum-um og stefnum, og það var ör-lagaríkt fyrir mig að ég kynnist þar nýrri tegund tónlistar, raftón-list. Ég bara rekst þarna á herbergi í tónlistardeildinni sem merkt var Electronic Studio. Þegar ég kom þarna inn og sá öll tækin og tólin fékk ég svona jákvætt taugaáfall og eiginlega hló ég í þrjú ár, eins og ég segi stundum, því þarna voru alls kyns græjur sem hægt var að láta framleiða hljóð sem ég hafði aldrei nokkurn tíma heyrð, og eiginlega enginn í heim-inum hafði heyrð áður. Fyrir mig var þetta vegur inn í tónsmíðarn-ar. Þessi nýja tækni gaf fólki eins og mér tækifæri til að nálgast tónlistina á allt annan hátt. Síðar meir í Hollandi lærði ég tölvu-tónlist sem þá var á frumskeiði. Mér fannst ég vera að uppgötva nýjan heim og vera þátttakandi í einhverri brjálæðislegri rannsókn eða uppgötvun. Ég var þarna á algjörlega réttum tíma. Svo var náttúrulega mjög róttækur andi í háskólasamfélaginu á þessum tíma, náttúruvernd og mannrétt-indabarátta á fullu og maður fór í mótmælagöngur og hafði sterk-ar skoðanir á heimsmálunum og pólitíkinni. Ég á mikið afbréfum frá þessum tíma sem eru alveg logandi af ástríðu fyrir málstaðn-um.“

Hvað fannst þabba þínum um raftónlistina?

„Hann var alltaf ótrúlega opinn fyrir nýjum hugmyndum, hvort sem það var í vísindum eða list-um. Og þótt honum fyndist margt af nútímatónlist vera frekar yfir-borðskennt og kannski leikara-skapur þá var hann samt alltaf svo forvitinn. Seinna meir var einmitt flutt raftónverk eftir mig á tónleikum á Ísafirði og ég held honum hafi bara fundist það lúmskt skemmtilegt. Þessi músík ögraði fólki og pabbi hafði gam-an af því. Ég var reyndar svo fana-tískur á tímabili að ég var alveg viss um það að öll venjuleg hljóð-færi myndu úreldast, nýja tæknin tæki við, það væri ekki spurning um ár heldur frekar mánuði eða vikur þangað til þeim yrði hent. Samt var ég algjörlega klofinn í þessari afstöðu því samtímis raf-tónlistinni var ég að hamast við að æfa klassisku tónlistina á pían-óíð. Þar kom til þetta dyggðuga uppeldi mitt, að þurfa standa sína

plikt og klára það sem maður byrjaði á. Það kom sér enda vel þegar ég síðan fór að vinna sem tónlistarmaður að hafa ekki kast-að því öllu frá sér. Fyrir utan píanóíð lærði ég á klarinett og fíktaði pínulítið á fiðlu og hef á seinni árum meira að segja spilað soldið á harmonikku og það hefur allt saman komið að góðum not-um.“

En þú hefur aldrei verið í popp-hljómsveit?

„Nei, reyndar ekki, en sjálfsagt ef ég væri táningur í dag væri ég sko örugglega þungarokkari, því á þessum tíma fékk ég strax áhuga á framsækinni popptónlist, Frank Zappa og King Crimson til dæmis. Ég þoldi ekki bitlatón-listina fannst hún svo væmin og smeðjuleg. Rolling Stones fengu þó séns, voru svona allt í lagi en þó frekar ofhefðbundnir. En það var framúrstefnutónlistin, það villta og róttækasta, sem höfðaði til mín í bland við raftónlistina. Þannig að ég missti eiginlega alveg af meginstraumnum í poppinu, veit ekkert um þá tónlist og verð bara að viðurkenna að ég hef aldrei náð þar taktinum. Verð mér bara stórkostlega til skammar ef ég þarf að taka þátt í umræðu um svoléiðis tónlist.“

Þú hefur líka verið að vinna í leikhúsi og kvikmyndum?

„Já, ég hafði mitt lífsviðurværi af því lengi vel að vera lausamaður í leikhúsum og kvikmyndum og svo vann ég fyrir kirkjuna. Ég þénaði vel á því að semja kirkju-tónlist. Maður ber sig eftir björg-inni og ég lít ekkert síður á mig sem leikhúsmann en tónlistar-mann.“

Ísafjörður, Holland, New York og Jón Leifs

„Eftir námið í Boston fór ég til Ísafjarðar að kenna við tónlistar-skólann og menntaskólann, sem þá var nýstofnaður. Það kom algjörlega nýr bragur á bæinn með stofnun menntaskólans. Þar starf-aði ótrúlegur stabbi af áhuga-verðu fólki og myndaðist ákveð-inn ævintýraljóni í kringum Ísa-fjörð á þessum árum. Það var verið að stofna skóla, nemend-urnir voru tilraunadýrin. Við kennararnir vorum ekki mikið eldri en nemendurnir og oft komu upp undarlegustu aðstæður. Þarna stjórnaði ég líka Sunnu-kórnum, kenndi á hljóðfæri og tónfræði við tónlistarskólann og heimstónlist við menntaskólann. Þannig var að ég hafði í Banda-rikjunum keypt mér mikið af plötum með tónlist frá Suður-Ameríku, Afríku og Asíu og alls staðar að þannig að þegar Jón Baldvin bað mig að kenna tónlist þá var það þetta sem mig langaði mest að kynna, ekki þetta hefð-bundna vestræna dót sem mér fannst að allir ættu að þekkja. Þarna var ég með nemendahópa í tvö ár og fór í gegnum þessa

tónlist með þeim. Tangótónlist frá Argentínu, trommusláttur frá Afríku, hörputónlist frá Andes-fjöllum, lúðratónlist frá Tibet og söngurinn frá Búlgaríu, og svona mætti lengi telja. Ég var að læra svona einum tíma á undan krökk-unum og búa til námsefni og svo var prófað í þessu, hvernig sem það var nú hægt. Þetta var ekki síður lærdómsríkt fyrir mig.

Á Ísafirði á þessum tíma var líka mjög sterkur hópur tónlistar-manna, Sigga systir og Jónas Tómasson, Jakob Hallgrímsson, fiðluleikari og söngskáld og Gunnar Björnsson í Bolungarvík, og svo ýmsir aðrir svo sem Erling Sörensen, sem þá starfaði sem loftskeytamaður en var góður flautuleikari. Við stofnuðum Kammersveit Vestfjarða sem var mjög aktiv og spilaði tónlist al-veg frá fornöld til nútímans og svo auðvitað sömdum við tónlist og héldum tónleika. Þetta var mjög gaman, en síðan ætluðum við okkur öll áfram í nám og förum sitt í hverja áttina þannig að hópurinn splundraðist, en við minnumst þessara ára með mik-illi gleði.“

Hjálmar heldur til náms í Hol-landi þar sem megináherslan er á raftónlist og síðan til New York fylkis í hefðbundið tónsmíða-nám, þar sem áhrifin frá föður hans hafa enn og aftur áhrif á þá stefnu sem hann tekur.

„Já, það var fyrir áhrif frá pabba að ég fékk áhuga á Jóni Leifs. Pabbi var alltaf sannfærður um það að Jón hefði verið mikið tónskáld sem hefði lent í því að verða fórnarlamb pólitískra aðstæðna í Þýskalandi. Ég sem sagt skrifaði mastersritgerðina mína um hann og tónlist hans. Síðan hefur Jón fylgt mér meira og minna í gegnum tíðina og það varð eiginlega þráhyggja hjá mér að vekja athygli á tónlist hans og reyna að endurreisa hann sem tónskáld. Ég vann fyrst með Hilmari Oddssyni að gerð hand-ritsins að myndinni Tár úr steini og upphaflega hugmyndin var sú að myndin byrjaði á því að Ragnar H. Ragnar, hermaður í Bandaríkjaher, væri með Jón Leifs í yfirheyrslu um borð í Esju við Reykjavíkurhöfn. Þessi yfir-heyrsla á sér raunverulega stoð, pabbi sagði mér frá því. Síðar varð verkefnið einfaldlega of stórt og rammi myndarinnar breyttist. Fyrst átti þetta reyndar að vera heimildarmynd, en þróaðist yfir í leikna kvikmynd. En grunnhug-myndin var alltaf sú að kynna tónlist Jóns og það tókst, það er ekki hægt að segja annað.

Jón Leifs fylgdi mér lengi vel, en sem betur fer er ég búinn að losa mig við hann því maður má ekki láta fortíðina hafa of mikil áhrif á líf sitt. En mér finnst mjög gaman að sjá hvað Jón nær að höfða til yngri kynslóðanna, því hann var svo umdeildur á sínum tíma. Svona tónlist var alltof hrjáf



Ljósmynd: Mbl./Kristinn Ingvarsson.

og fráhrindandi fyrir eldri kyn-slóðir, það þurfti ný eyru til að læra að meta hana og fordóma-lausara fólk.“

Er fyrst og fremst tónskáld

Hjálmar kemur heim frá námi 1980 og hefur síðan búið á Reyk-javíkursvæðinu að undanskildu einu ári sem hann bjó á Ísafirði.

„Ísafjörður togaði mig til sín aftur 1993, rétt eftir að mamma dó. Mig langaði að upplifa aftur anda fjallanna og blandast menn-ingunni í bænum. Þetta var mjög góður tími fyrir okkur Ásu, við vorum með tvö litil börn og þetta hentaði okkur vel. Þetta var snjó-þungur og erfiður vetur, snjóflóð í Tunguskógi, Guggan kom og Guggan fór, skuggi hvíldi yfir byggðinni, en fyrir okkur litlu fjölskylduna, var samt dásamlegt að vera á Ísafirði. Ég hafði vinnu-stofu í gamla spítalanum og samdi bara töluvert af músík þennan vetur. Kenndi í tónlistar-skólanum, fór á Sunnukórballið og komst í samband við ræturn-ar.“

Þú átt eftir þrjú og hálf ár sem rektor Listaháskólans. Hvað tek-ur svo við?

„Hvað bíður manns? Það er allt svo óráðið, en ég mun hætta,

það er alveg ákveðið. Það er gott fyrir bæði skólann og mig. Þetta er slítandi og kröfuhart starf en líka gefandi. Ég þarf auðvitað að sinna tónskáldinu meira, þótt mér hafi reyndar tekist að samræma þetta betur undanfarið. Ef ég væri spurður: Hver ert þú Hjálmar? Þá svara ég með því að ég er fyrst og fremst tónskáld. Þrátt fyrir öll hliðarsporin og þessi ólíku störf sem ég hefi sinnt þá er það tónskáldið sem er þarna innst inni, kjarninn. Mér líður ekki vel nema geta samið tónlist og ég heyri fyrir mér fullt af verkum sem ég á eftir að skrifa. En það er ekkert auðvelt að fram-fleyta sér sem listamaður og þeg-ar maður er kominn á minn aldur er orkan ekki sú sama og áður, þannig að ég þarf að finna mér einverja nýja leið. Hef nú aldrei verið fyrirhyggjúsamur maður, en ég hef trú á að mér takist þetta. Með árunum og auknum þroska hefur fordómunum fækk-að og maður er orðinn sáttari við sjálfan sig og lífið. Mér finnst ég hafa náð árangri og ótrúlega mikið af mínum draumum hefur ræst. Það er samt fullt eftir, það er ekki það, en ef ég hrykki upp af á morgun myndi ég ekki sjá eftir neinu sem ég hef gert. Þvert á móti, ég tek á móti lífinu fagn-andi.“

—fridrika@bb.is

Sveitarfélög á Vestfjörðum veittu 86 heimilum fjárhagsaðstoð árið 2009

Einstæðar mæður með börn voru í meirihluta viðtakenda fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga á Vestfjörðum á síðasta ári eða 30 en alls var 86 heimilum veitt fjárhagsaðstoð á árinu. Barnlausir, einstæðir karlmenn voru næst fjölmennasti viðtakendahópurinn eða 28 talsins. Hjón eða sambýlisfólk með börn sem þáðu fjárhagsaðstoð voru fjórtán og tíu einstæðar konur með engin börn fengu aðstoð. Aðeins þrír einstæðir feður fengu fjárhagsaðstoð. Fjölmennasti hópurinn sem þáði fjárhagsaðstoð sveitarfélaga á landinu öllu í fyrra eru sem fyrr einstæðir barnlausir karlar eða sem nemur 42,2% heimila og einstæðar konur með börn eða 29,3%.

Samkvæmt tölum Hagstofunnar hefur fjöldi viðtakenda fjárhagsaðstoðar á Vestfjörðum verið mjög svipaður undanfarin ár. Ef lítið er á landið í heild fengu 5.994 heimili fjárhagsaðstoð sveitarfélaga árið og hafði heimilum sem þáðu slíkar greiðslur fjölgað um 16,1% frá árinu áður. Árið 2008 hafði heimilum



Frá Ísafirði. 86 heimili fengu fjárhagsaðstoð á Vestfjörðum á síðasta ári.

sem þáðu slíkar greiðslur fjölgað um 17,5% frá árinu áður. Árið 2003 þáðu 6.312 heimili fjárhagsaðstoð sveitarfélaga en til ársins 2007 fækkaði þeim jafnt

og þétt eða sem nam 32% á öllu tímabilinu.

Frá árinu 2007 til 2009 aukast útgjöld sveitarfélaganna vegna fjárhagsaðstoðar um rúmar 940

milljónir eða um tæplega 70%, en á föstu verðlagi vaxa þau um tæp 35%. Meðal mánaðargreiðslur fjárhagsaðstoðar aukast á sama tíma um 14 þúsund krónur eða

18,1%, en á föstu verðlagi lækka þær um rúm 6%. Mánaðarfjöldi sem fjárhagsaðstoð er greidd er nálægt fjórir mánuðir að meðaltali öll árin. – thelma@bb.is



Af festu til framtíðar

D-listinn býður alla hjartanlega velkomna í kosningakaffi á kjördag:

Við Pollinn á Hótel Ísafirði
kl. 14-17

Í kaffisal Íslandssögu
Suðureyri kl. 14-17





Jónsgarður prýðir eitt af þremur nýjum frímerkjum Íslandspóstis.

Jónsgarður prýðir frímerki

Íslandspóstur gaf út þrjú frímerki 6. maí síðastliðinn í útgáfuröðinni 10 mikilvægustu almenningsgarðar eða skrudgarðar á Íslandi í ljósi garðlistasögunnar. Jónsgarður á Ísafirði er einn þessara garða. Jónsgarður er elsti skrudgarðurinn á Ísafirði, opnaður árið 1922. Hjónin Jón klæðskeri Jónsson og Karlinna Jóhannsdóttir voru helstu hvatamenn að gerð hans.

Um 1978 var garðyrkjustjóra falin umsjá garðsins og þann 5. desember 1991 samþykkti bæjarstjórn Ísafjarðar að garðurinn fengi nafnið Jónsgarður. Sumarið eftir var vígður minnisvarði um þau hjónin í garðinum, en sá minnisvarði var unninn af Jóni Sigurpálssyni myndlistarmanni. Verðgildi frímerkisins er 90 krónur.

Bæjarstjóraefni Í-listans spyrst fyrir um launakjör

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, hefur síðustu þrjú ár verið í 17.-21. sæti yfir launahæstu bæjar- og sveitarstjóra landsins samkvæmt tímaritinu Frjálsri verslun. Ísafjarðarbær er 14. stærsta sveitarfélag landsins. Í svari bæjarstjóra við fyrirspurn frá Sigurði Péturssyni oddvita og bæjarstjóraefni Í-listans um laun hans, kom fram að

föst laun með yfirvinnu voru 805.750 krónur í marsmánuði bæði 2009 og nú í ár. Eins og greint hefur verið frá voru laun bæjarstjóra lækkuð um 10% frá og með 1. janúar 2009, að hans eigin ósk, en í mars 2008 voru föst laun með yfirvinnu 895.278 krónur.

„Laun bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar hafa verið sambærileg við

laun bæjarstjóra í samsvarandi sveitarfélögum. Dæmi eru þó um laun í einum 17.-21. sveitarfélögum sem eru hærri eða mun hærri en hjá bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar,“ segir í svarinu. Einnig var spurt um hlunnindi bæjarstjóra en í svarinu kemur fram að bæjarstjóri nýtur engra hlunninda, hvorki vegna bifreiðar, húsnæðis eða nokkurs annars. „Bif-

reiðapeningar eru greiddir á móti notkun á eigin bíl og hafa yfirleitt verið minni en afnot af bílnum fyrir Ísafjarðarbæ,“ segir í svarinu. Þar kemur einnig fram að þar sem kostnaður við eldsneyti hefur aukist mikið frá hrúni hafa bifreiðapeningar hækkað. Bifreiðapeningarnir eru á móti útgjöldum en öll notkun er greidd af bæjarstjóra, þ.á.m. eldsneyti.

Óbundnar kosningar í fjórum sveitarfélögum á Vestfjörðum

Óbundnar kosningar verða í fjórum sveitarfélögum á Vestfjörðum þar sem enginn listi kom fram. Í óbundnum kosningum eru allir kjósendur í sveitarfélaginu í kjöri, nema þeir sem löglega eru undanþegnir skyldu til að taka kjöri og hafa fyrir fram skorast undan því. Kjósendur skrifa þá nöfn og heimilisföng aðal- og varamanna á kjörseðilinn.

Óbundnar kosningar fara fram í Árneshreppi, Bæjarhreppi, Kaldrananeshreppi og Reykhólahreppi auk 16 annarra sveitarfélaga á landinu. Í Tálknafjarðarhreppi auk þriggja annarra sveitarfélaga á landinu kom aðeins fram einn listi og er því sjálfkjörið í þær sveitarstjórnir.

Alls eru 185 listar í framboði



Tálknafjörður.

til 76 sveitarstjórna í kosningum 29. maí næstkomandi. Á listunum eiga sæti 2846 einstaklingar, eða ríflega 1,2% kjörgeng-

ra einstaklinga í landinu. Flestir framboðslistar eru í Reykjavíkurborg, eða átta talsins, sjö í Kópavogsbæ og sex í Akureyrarkaup-

stað. Upplýsingar um framboð í öllum sveitarfélögum á landinu eru nú komnar inn á kosningavefinn www.kosning.is.

Auglýsing um kjörfund vegna sveitarstjórnarkosninga í Ísafjarðarbæ 29. maí 2010



ÍSAFJARÐARBÆR

Kjörfundur vegna sveitarstjórnarkosninga í Ísafjarðarbæ hefst kl. 09:00 þann 29. maí n.k. og stendur til kl. 22:00 í 1.-3. kjördeild en til kl. 20:00 í 4.-6. kjördeild.

Kosið verður á eftirtölum stöðum:

- 1.-3. kjördeild í íþróttahúsinu á Torfnesi.
4. kjördeild í Félagsheimilinu á Suðureyri.
5. kjördeild í Grunnskólanum á Flateyri.
6. kjördeild í Félagsheimilinu á Þingeyri.

Kjósendur eru minntir á að hafa með sér persónuskilríki á kjörstað.

Aðsetur yfirkjörstjórnar á kjördag verður í íþróttahúsinu á Torfnesi. Sími yfirkjörstjórnar er 450 8090.

Kjörskrá liggur frammi til kjördags á skrifstofu Ísafjarðarbæjar í Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði.

Talning atkvæða mun fara fram á 4. hæð í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði.

Yfirkjörstjórn Ísafjarðarbæjar,

Hildur Halldórsdóttir,

Kristján G. Jóhannsson,

Aðalbjörg Sigurðardóttir.

Hætta á einsleitara skólastarfi með sameiningu sveitarfélaga

Starfshópur sem skipaður var um fræðslu-, menningar-, íþrótt- og æskulýðsmál fyrir 100 daga nefndina taldi að með sameiningu væri hætt við einsleitara skólastarfi og að þjónusta skertist í smærri byggðum, svo sem með gjaldtöku í leikskóla í Súðavík og hækkun á frístundagjaldi í Bolungarvík. Eins og kunnugt er fjallaði 100 daganefnd um kosti og galla við sameiningu Bolungarvíkurkaupstaðar, Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps. Fræðsluhópurinn fjallaði um þrjá valkosti er kæmi að grunnskólamál-

um, m.a. þann möguleika að skólarnir yrðu sameinaðir og ráðinn einn sameiginlegur skólastjóri. Einn skólastjóri myndi hafa meiri yfirsýn yfir tækifæri í skólastarfi á svæðinu og milliliðum fækkar. Veikleikar þessarar hugmyndar voru taldir felast í færri stjórnunarstöðum, faglegri einangrun stjórnenda og að erfiðara yrði að taka á einstökum málum í þéttbýliskjörnunum.

Starfshópurinn sá einnig fyrir sér tækifæri til sérhæfingar skóla í sameinuðu sveitarfélagi, aukna samvinnu skóladeilda, hagræð-

ingu í innkaupum, auk þess sem ná mætti fram hagræðingu í mannahaldi. Á móti kæmi einsleitara atvinnu- og menningarlíf í smærri byggðakjörnum sem gerði þá síður áhugaverða til búsetu. Þá er hætt við því að búsetuskilyrði yrðu metin síðri með tímafrekum skólaakstri og akstri til vinnu um öörugga vegi. Sérstaða í skólalahaldi sem meðal annars felst í samkenndu bekkja og skólastiga kann að minnka sem og einstaklingsnágun minni skóla. Einnig fjallaði hópurinn um að allir skólar verði reknir áfram

frá 1. bekk til 10. bekkjar. Kostir við það eru að vegalengdir eru stuttar fyrir nemendur að sækja skóla. Nemendur eru virkir í félagsstarfi í heimabyggð innan og utan skóla. Atvinna verður fjölbreyttari og styrkari í hverjum byggðakjarna. Á móti kæmi að bekkir verða fámennir og kostnaður minnkar ekki.

Fræðsluhópurinn ræddi einnig þann möguleika að hafa ungl-ingastigið allt á einum stað en með því mætti hugsanlega auka val- og faggreinakennslu. Auðveldara yrði að skipuleggja hópa-

starf ungmenna á skólatíma auk þess sem skipuleggja mætti tómstundastarf í tengslum við skólaakstur. Veikleikar þessarar hugmyndar voru taldir að hópar væru stærri, persónuleg tengsl myndu minnka, kostnaður og tími færi í samgöngur, hætt væri við faglegri einangrun í minni skólunum, mismunandi tækifæri/geta íbúa til að sækja félagsstarf eftir að skóla lýkur. Minni yfirsýn foreldra/samfélags varðandi ungmenntu, hættur sem fylgja því að félagslegt aðhald minnkar.

– thelma@bb.is

Samgöngur mikilvæg forsenda

Starfshópur 100 daga nefndarinnar um stjórnsýslu, samgöngur og fjármál sveitarfélaganna taldi það mikilvæga forsendu þess að vel takist til með sameiningu sveitarfélaganna, að samgöngur verði bættar innan hins sameinaða sveitarfélags og þá sérstaklega á milli Súðavíkur og Ísafjarðar. Súðavíkurhlíðin er að mati hópsins sú samgönguhindrun að ekki er forsvaranlegt að byggja á daglegum akstri t.d. skólabarna á milli staðanna að óbreyttu. Sama sjónarmið kom fram í starfshópi sem fjallaði um fræðslumál. Í Greinargerð vinnuhóps um öryggismál Djúpvegar milli Súðavíkur og Bolungarvíkur sem gefin var út á vegum Vegagerðar ríkisins árið 2002, kemur fram að á tímabilinu 1991-2000 féllu yfir 56 snjóflóð á ári í Súðavíkurhlíð.

Þar sem um ársmeðaltal er að ræða og snjóflóðin falla að mestu á þríggi til fjögurra mánaða tímabili má umreikna þetta í flóð

annan hvern dag. Í greinargerðinni kemur fram að æskilegar vegabætur á leiðinni frá Ísafirði til Súðavíkur geti kostað frá 567 milljónum til 4.950 milljóna króna. Vegabætur með jarðgöngum eru áætlaðar kosta frá 2.728 milljónum til 4.950 milljóna.

Starfshópurinn taldi ekki að sameining sveitarfélaganna myndi skapa möguleika til hagræðingar eða bættrar nýtingar fjármuna hvað þjónustu varðar í málaflokknum. Í dag væri hann að miklu leyti byggður á þjónustu verktaka. Málaflokkurinn byggir við fjárskort og sveitarfélögin ættu í erfiðleikum með að sinna viðhaldi og eðlilegri endurnýjun.

Ísafjarðarbær rekur í dag almenningssamgöngur innan bæjarfélagsins. Slíkar samgöngur eru ekki skipulagðar innan Bolungarvíkurkaupstaðar eða Súðavíkurhrepps. Gera má því ráð fyrir því að sameinað sveitarfélag myndi byggja upp slíkar samgöngur að mati starfshópsins.

Kostnaður Ísafjarðarbæjar af almenningssamgöngum er um 52 milljónir á ári í dag. Mestur er kostnaðurinn innan Skutulsfjarðar um 24 milljónir auk þess sem um 20 milljónir kostar að

halda uppi þjónustu við Flateyri og Þingeyri og um 8 milljónir við Suðureyri. Gert er ráð fyrir því að í sameinuðu sveitarfélagi myndu ferðir milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar vera 10 á dag og

8 á milli Súðavíkur og Ísafjarðar. Viðbótarkostnaður vegna þessara ferða er áætlaður um 37 milljónir á ári.

– thelma@bb.is

Heyrnartækjapjónusta á Ísafirði

Árni Hafstað heyrnarfræðingur verður á Ísafirði við heyrnarmælingar og sölu heyrnartækja **Þriðjudaginn 8. júní**

Mikið úrval vandaðra heyrnartækja í ólíkum verðflokkum

Heyrnartækni hefur um árabil verið með þjónustu fyrir heyrnarskerta á landsbyggðinni. Í dag veitum við reglulega þjónustu á 19 stöðum víðsvegar um landið.

Nánari upplýsingar og tímapantanir í síma 568 6880 eða á www.heyrnartaekni.is

Glæsibæ | Álfheimur 74 | 104 Reykjavík | www.heyrnartaekni.is

Í-listinn mælist með hreinan meirihluta

Í-listinn, sameiginlegt framboð Samfylkingar, Vinstri grænna, Frjálslyndra og óháðra í Ísafjarðarbæ, fær hreinan meirihluta í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2, sem gerð var í síðustu viku. Framboðið nýtur stuðnings 48,4% þeirra sem afstöðu tóku í könnuninni. Verði það niðurstaða kosninganna fengi framboðið fimm bæjarfulltrúa af níu en framboðið fékk 40% atkvæða í

sveitarstjórnarkosningunum 2006 og fjóra menn kjörna. Samkvæmt könnuninni er meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks fallinn. Sjálfstæðisflokkurinn tapar verulegu fylgi samkvæmt könnuninni en flokkurinn fengi 29,1% atkvæða. Flokkurinn naut stuðnings 42,2% Ísfirðinga í síðustu kosningum. Þá fékk flokkurinn fjóra bæjarfulltrúa en fengi í dag þrjá, miðað við könnunina.

Framsóknarflokkurinn fengi

16,2% atkvæða ef kosið yrði nú samkvæmt sömu könnun. Það er lítils háttar aukning frá kosningunum 2006, þegar flokkurinn fékk 15,6%. Niðurstaðan hefur ekki áhrif á fjölda bæjarfulltrúa Framsóknarflokksins en flokkurinn myndi halda sínum eina fulltrúa, yrðu þetta niðurstöður kosninganna. 8,1% þeirra sem afstöðu tóku í könnuninni sögðust ætla að kjósa Kammónistalistann, yrði gengið til sveitarstjórnarkosninga nú. Verði það niður-

staðan í komandi kosningum nær listinn ekki inn bæjarfulltrúa en Kammónistalistinn er nýtt framboð í Ísafjarðarbæ skipað nemendum og ungu fólki. Áður hefur flokkur skipaður menntskælingum boðið fram til kosninga en það var Fönklistinn sem náði tveimur mönnum í bæjarstjórn árið 1996.

Hringt var í 600 manns. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá og svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlut-

fallslega eftir aldri. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til sveitarstjórnarkosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var að lokum spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern annan flokk? Alls tóku 65,8% afstöðu til spurningarinnar.

Frá þessu var greint í Fréttablaðinu. – kristjan@bb.is



Tveir listar í Súðavíkurhreppi

Tveir listar eru í framboði til sveitarstjórnarkosninga í Súðavíkurhreppi, F-listinn og L-listinn. Gísli H. Hermannsson skipstjóri leiðir F-listann en í næstu sætum koma þau Guðrún G. Elíasdóttir húsmóðir, Ragna Aðalsteinsdóttir bóndi, Sigurjón Samúelsson bóndi og Baldur Vilhelmsson prófastur.

L-listann leiðir Valgeir Hauksson eftirlitsmaður en næstu fjögur sæti skipa þau Ester Rut Unnsteinsdóttir forstöðumaður, Ómar Már Jónsson sveitarstjóri og Guðrún I. Halldórsdóttir verkamaður og húsmóðir.

smáar

Óska eftir að kaupa notaðan ísskáp. Uppl. í síma 845 5515.

Til leigu er 240m² raðhús á tveimur hæðum ísafirði. Um er að ræða sjö herb. ásamt bílskúr og garði. Laust 1. júl. Uppl. í síma 690 8825.



Ísafjörður.

475 milljónir króna rekstrarbati

Ársreikningur Ísafjarðarbæjar og stofnana hans vegna ársins 2009 hefur verið tekinn til síðari umræðu í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar og samþykktur. Heildartekjur A og B hluta námu 2.753 m.kr., þar af eru skatttekjur og framlög Jöfnunarsjóðs 1.926 milljónir kr. og aðrar tekjur nema 828 milljónum kr. Heildarútgjöld án afskrifta og fjármagnsliða námu 2.524 milljónum kr. á árinu 2009. Að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða nema heildarútgjöld 3.155 milljónum kr. á árinu 2009. Þannig er rekstrarhalli 403

milljónir kr. að teknu tilliti til reiknaðra liða á borð við afskriftir og fjármagnsliði. Rekstrarbati á milli árána 2008 og 2009 er 475 milljónir kr. sem, að því er fram kemur í tilkynningu, gefur til kynna að sveitarfélagið er að vinna sig út úr því ástandi sem skapaðist sökum bankahrunsins 2008. Veltufé frá rekstri er jákvætt um 126 milljónir kr. og handbært fé frá rekstri er jákvætt um 147 milljónir kr.

Að teknu tilliti til fjárfestinga, afborgana af lánum og endurfjármögnunar lækka langtíma- og

skammtímaskuldir um 35 milljónir kr. á milli ára. Langtíma- og skammtímaskuldir eru 4.145 milljónir kr. í lok ársins 2009. Þar af eru skuldir vegna félagslega húsnæðiskerfisins 1.307 milljónir kr. en þær skuldir lækka með sölu íbúða út úr kerfinu með stuðningi Varasjóðs húsnæðismála. Því til viðbótar eru 100 milljónir kr. lán frá Ofanflóðasjóði sem mun afskrifast. Langtíma- og skammtímaskuldir án félagslega húsnæðiskerfisins og láns Ofanflóðasjóðs eru því 2.738 milljónir kr.

„Almennt má segja að allur rekstur í landinu er erfiður. Það á við um sveitarfélög og ríki eins og fyrirtæki og heimili landsins. Staða Ísafjarðarbæjar er sú í dag að sveitarfélagið er sjálfbært hvað varðar hóflegar fjárfestingar og afborganir af lánum í bland við endurfjármögnun lána. Það er þó öllum ljóst að töluverð óvissa er um tekjuþróun næstu ár og mikilvægt að beita áfram miklu aðhaldi og gætni í rekstri sveitarfélagsins til að tryggja áfram þá grunnþjónustu sem Ísafjarðarbær veitir íbúum sínum.“

Hógvær kosningabarátt

Stakkur skrifar

Undirbúningur kosninga til sveitarstjórna á Vestfjörðum hefur verið á rölegu nótunum og jafnframt verið hógvær. Til dæmis um það eru sameiginlegir kosningafundir framboðanna fjögurra í Ísafjarðarbæ. Það er góð leið og áhugasömum og þeim sem enn eru í óvissu um hvað kjósa skal gefst tækifæri til að sjá fulltrúa allra á sama tíma og stað og bera saman það sem þeir hafa fram að færa. Af tíu sveitarfélögum á Vestfjörðum verður kosið í níu því aðeins einn listi kom fram í Tálknafjarðarhreppi. Í fjórum verða óbundnar kosningar, því ekki komu þar fram listar. Þau eru Árneshreppur, Bæjarhreppur og Kaldrananeshreppur í Strandasýslu og Reykhólahreppur, sem í raun er fyrrum Austur- Barðastrandarsýsla. Þar verður kosið um menn, karla eða konur, en allir kosningabærir menn eru í framboði sem ekki hafa skorast undan því að skilyrðum uppfylltum.

Í Bolungarvík sem er næst stærsta sveitarfélagið á Vestfjörðum eru aðeins tveir listar í framboði. Sama gildir um Vesturbyggð og Strandabyggð. Í Súðavíkurhreppi eru einnig tveir listar og annar ekki skipaður nema að hálfu. Hreinir flokkslistar eru aðeins boðnir fram í tveimur sveitarfélögum af 10, í Vesturbyggð og Ísafjarðarbæ, sem er eina sveitarfélagið með fleiri en einn slíkan, en Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur bjóða þar fram líkt og hinn síðarnefndi gerir í Vesturbyggð. Hvort af þessu megi draga þá ályktun að flokkakerfið eigi í vök að verjast á Vestfjörðum skal

ósagt látið, en annar listanna í Bolungarvík er listi sjálfstæðismanna og óháðra. Ísafjarðarbær sker sig úr að því leitinu að þar eru boðnir fram fjórir listar og verður fróðlegt að sjá hverjum árangri Kammónistalistinn nær, en helmingur frambjóðenda hans eru nemar.

Í fimm sveitarfélögum á Vestfjörðum eiga kjósendur val milli lista, í einu þurfa þeir ekki að fórna næsta laugardegi í kosningar og í fjórum velja þeir sitt fólk, sem í raun er afar lýðræðislegt, kannski hið fullkomna val. Á landinu öllu eru 76 sveitarfélög, en listakosningar fara ekki fram í þeim öllum. En til hvers er barist? Það eru hagsmunir okkar, Jóns og Gunnu, sem allt snýst um og tímabært hlýtur að vera að spyrja hvort ekki sé komið mál til að brjóta upp núverandi kosningakerfi.

Hvað sem öðru líður þá er ljóst að sveitarstjórnarmenn eru þeir sem ráða einna mestu um það við hver kjör við búum hvert á sínum stað og þess vegna skiptir okkur miklu hvernig til tekst. Fyrir löngu ætti að vera ákveðið að kjósendur ættu kost á að velja einstaklinga fremur en flokka til þess að fara með viðkvæm mál-efni sveitarfélaga. En það er eins og okkur skorti kjarkinn til að brjótast út úr flokkakerfinu og treysta fremur á þá eintaklinga sem ætla má að skili góðu starfi. Af því sem blasir við á Vestfjörðum má ætla að við séum kannski komin lengra á þeirri braut en aðrir. En samt myndum við styrkja stöðu okkar með færri en sterkari sveitarfélögum. Það ber að stefna að fækkun þeirra en þangað til skulum við kjósa besta fólkið, eins og ævinlega.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Mikill áhugi fyrir flugnámi á Vestfjörðum

Fulltrúar Flugakademíu Keilis kynntu nám í einkaflugi og atvinnuflugi á Ísafjarðarflugvelli fyrir stuttu. Kynningin var vel sótt og gestir fengu að fara í kynnisflug á flaggskípi Flugakademíu Keilis, DA-42 NG. Ljóst er að mikill áhugi er fyrir flugnámi á Vestfjörðum. Keilir býður upp á að nemendur geti stundað nám í einkaflugi alfarið frá Vestfjörðum ef nægilega stór hópur næst. Bóklegi hlutinn er kenndur í gegnum fjarnám og verklegi hlutinn yrði þá kenndur á Ísafirði á kennsluvélum frá Keili.

Flugvélafloti Keilis er nýstárlegur og hátækniflugvélar eru notaðar til kennslunnar. Vélarnar eru af gerðinni Diamond DA-20, DA-40 og DA-42, sem eru einar fullkonnustu kennslu- og einkaflugvélar sem framleiddar eru í dag, að því er fram kemur í tilkynningu frá Keili. Allar upplýsingar um Flugakademíu Keilis og aðrar námsbrautir má finna á www.keilir.net.

Áminning sýslumannsins á Ísa- firði til starfsmanns felld úr gildi

Héraðsdómur Vestfjarða hefur felld úr gildi áminningu sem sýslumaðurinn á Ísafirði veitti starfsmanni sínum þar sem talið var að sýslumaður hefði ekki gætt að meðalhófsreglu stjórnsýslulaga áður en áminningin var veitt. Auk þess sem áminningin var felld úr gildi var sýslumanni gert að greiða starfsmanninum 700.000 krónur í málskostnað. Forsaga málsins var sú að í mars 2009 fór að bera á veikindum hjá umræddum starfsmanni og þurfti hann af þeim sökum að leggjast inn á sjúkrahús og var ekki við vinnu frá 24. apríl til 29. maí 2009. Tveimur dögum síðar fór starfsmaðurinn í sumarleyfi og kom að því leyfi loknu til starfa 1. júlí. Í byrjun júlí s.l. var hún boðuð á fund sýslumanns sem afhenti henni bréf þar sem fram kom að

sýslumaður ráðgerði að áminna hana „... fyrir óhlýðni við fyrirmælum yfirmanns, óvandvirkni í starfi og fyrir að sýna ekki fullnægjandi árangur í starfi.“ Lögmaður starfsmannsins sendi í kjölfarið sýslumanni bréf þar sem skorað var á hann að falla frá öllum áformum um áminningu þar sem ráðagerð sýslumanns stýddist ekki við nokkur efnisleg rök, auk þess sem ekki yrði séð að málsmeðferð hans samræmdist góðum stjórnsýsluáttum eða meginreglum stjórnsýslulaga. Sýslumaður ákvað engu að síður að áminna starfsmanninn 15. júlí 2009. Lögmaður starfsmannsins sendi sýslumanni annað bréf þar sem sjónarmið starfsmannsins voru ítrekuð og skorað var á sýslumann að afturkalla áminninguna og ekki



Sýslumannsembættið á Ísafirði er til húsa í Stjórnsýsluhúsinu.

var orðið við því. Því var ákveðið að höfða mál fyrir héraðsdómi í þeim tilgangi að fá áminninguna fellda úr gildi. Í niðurstöðum dómsins kemur fram að framlögð læknisvottorð starfsmannsins skjóti styrkum stoðum undir þann málatilbúnað starfsmannsins að starfsþrek hans hafi að nokkru leyti verið skert í

mars og apríl 2009 og til þess ber m.a. að líta við úrlausn málsins. Dómurinn telur að varðandi afgreiðslu eins máls hafi starfsmaðurinn ekki sinnti nægjanlega starfsskyldum sínum og í þremur málum hafi skort á að gögn málanna bæru það með sér hver staða þeirra væri. Þá lá það fyrir að starfsmaðurinn viðurkenndi ákveðin mistök af sinni hálfu varðandi afgreiðslu tveggja mála. Í öðrum tilvikum þóttu aðfinnslur sýslumanns í garð starfsmannsins svo smávægilegar að dómurinn taldi þarflaust fyrir úrlsuan málsins að fjalla sérstaklega um þau. Dómurinn telur að ekki fram hjá því litið að áminning sé þýngjandi stjórnvaldsákvörðun sem leitt getur til starfsmisssis, svo sem sýslumaður gerði starfsmanninum grein fyrir í bréfum

sínum til hennar 1. og 15. júlí 2009. Ekki séð að sýslumaður hafi, áður en hann veitti starfsmanninum áminningu aðhafst nokkuð það sem með réttu verður talin tilraun til að fá hana til að taka sig á í starfi og laga vinnubrögð sín að kröfum sýslumanns. Að því athuguðu, og að virtu eðli þeirra mannlegu mistaka starfsmannsins sem áður var getið, taldi dómurinn að sýslumaður hefði brotið gegn meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 með því að áminna starfsmanninn án þess að grípa áður til annarra og vægari úrræða. Var því fallist á kröfu starfsmannsins um að áminningin verði felld úr gildi og sýslumanni gert að greiða starfsmanninum 700.000.- krónur í málskostnað. – thelma@bb.is

Ekki einhlít niðurstaða um sameiningu

Sameining sveitarfélaganna á norðanverðum Vestfjörðum myndi leiða til hagræðingar í rekstri sem nemur 24 milljónum króna á ári, samkvæmt niðurstöðum Hundr- að daga nefndarinnar svokölluðu. Hins vegar myndu úthlutunar- reglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hafa áhrif á fjárhagslega niðurstöðu og að óbreyttu myndi það lækka árlegan ábata sameiningar sveitarfélaganna um 30 milljónir. Þetta kemur fram í ný- útgefinni skýrslu nefndarinnar sem skipuð var um könnun á sameiningu Bolungarvíkurkaupstaðar, Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps en þar segir að niðurstaða um sameiningu sveitarfélaga sé ekki einhlít. Í skýrslunni eru útlitaðir kostir og gallar við sameiningu. Til að mynda segir að sameinað sveitarfélag verði öflugri stjórnsýslueining og hefur forsendur til að

veita sérhæfðari þjónustu en hætt er við að sameining leiði til þess að það dragi úr fjölbreytni atvinnulífs í smærri samfélögum. „Tryggja þyrfti fjölbreytni atvinnulífs í þessum samfélögum ef til sameiningar kæmi. Vinna starfshópanna hefur skilað ábendingum til sveitarstjórnanna um að auka megi samvinnu á milli sveitarfélaganna s.s. í félagsþjónustu, skipulagsmálum og almenn- ingssamgöngum,“ segir í skýrslunni. Hundradaganefnd, sem skipuð var fulltrúum meirihluta og minni-hluta sveitarstjórna sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum, Bolungarvíkurkaupstaðar, Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps, fól Melland Partners að leiða vinnu við skoðun á kostum þess og göllum að sameina sveitarfélögin í eitt. Vinna við verkefnið hófst í

nóvember 2009. Nefndin hóf sín störf 12. október og var við það miðað að starfið tæki um hundrað daga. Í desember tók 100 daga- nefndin ákvörðun um að miðað skyldi við bráðabirgðaniður-

stöður ársreikninga sveitarfélaganna í fjárhagslegu mati á stöðu sveitarfélaganna og fjárhagsáætl- anir fyrir árið 2010. Fljótlega kom í ljós að of mikil óvissa var um túlkun bráðabirgða-niður-

staðna fyrir árið 2009 og var þá ákveðið að biðja þar til drög að ársreikningum sveitarfélaganna lægju fyrir. Slík drög lágu fyrir um niðurstöður ársreikninga allra sveitarfélaganna þann 10. maí.

Sveitarstjórnarkosningar 2010 Bolungarvíkurkaupstaður

KJÖRFUNDUR

Kjörfundur vegna sveitarstjórnarkosninga þann 29. maí 2010, verður haldinn í fundarsal Ráðhúss Bolungarvíkur, Aðalstræti 12.

Kjörfundur hefst kl. 10:00 árdegis og stendur til kl. 22:00 síðdegis.

Kjörstjórn vekur athygli kjósenda á 55. gr. laga um kosningu til sveitarstjórna, en þar segir:

„Kjósendi skal gera kjörstjórn grein fyrir sér á kjörstað með því að framvísa kennivottorði eða nafnskírteini eða á annan fullnægjandi hátt að mati kjörstjórnar. Ef hann þannig á rétt á að greiða atkvæði samkvæmt kjörskránni, afhendir fulltrúi í kjörstjórn honum einn kjörseðil.“ (L. 5/1998, 55.gr)



Bolungarvík 20. maí 2010
Yfirkjörstjórn í Bolungarvíkurkaupstað,
Sólrún Geirsdóttir,
Ingibjörg Vagnsdóttir,
Pálína Jóhannsdóttir.

Ert þú sú / sá rétti?

Verslun í fullum rekstri í miðbæ Ísafjarðar leit- ar eftir nýjum eiganda / eigendum. Verslað er með vandaðan fatnað fyrir breiðan aldurshóp og bæði kynin.

Spennandi vinna fyrir duglegt og skapandi fólk.

Áhugasamir hafi samband við BB Endurskoð- un í síma 456 2200 eða á e-mail bbe@bbe.is.

Enginn hagvöxtur árin 2004-2008

Nær enginn hagvöxtur var á Vestfjörðum á árunum 2004-2008. Í skýrslu um hagvöxt landshluta, sem nú er birt í fjórða sinn segir að árið 2008 hafi verið það fyrsta þar sem hagvöxtur var yfir landsmeðaltali á Vestfjörðum. Árið 2008 er líka fyrsta árið í langan tíma sem fólki fjölgar á Vestfjörðum. Fjölgunin var um 1%, en fyrri árin á tímabilinu fækkaði Vestfirðingum um 1-2% á ári. Framleiðsla dróst saman á

Vestfjörðum árin 2006 og 2007 samkvæmt mælingunni. Árin 2003-2008 má þó segja að framleiðslan standi nokkurn veginn í stað (samtals mælist 3% hagvöxtur þessi fimm ár). Þjónusta og sjávarútvegur vex heldur, en opinber starfsemi dregst saman. Athygli vekur að á Vestfjörðum hafði atvinnuleysi ekki aukist að nokkru marki í árslok 2008 öfugt við það sem gerðist á suðvesturhluta landsins.

Eins og víðar á landsbyggðinni styrkir lágt gengi krónunnar atvinnulíf og stuðlar að háum launum hjá sjómönnum. Um tíma streymdi ungt fólk frá þessum landshluta, einkum þá frá öðrum byggðarlögum en Ísafirði. Horfur byggðarlaga má að nokkru leyti lesa úr því verði sem greitt er fyrir húsnæði. Húsnæðisverð hefur óvída verið lægra á landinu en á Vestfjörðum, en miklu munar þó innan byggðarlagsins. Á

fyrri hluta árs 2009 var fermetra- verð í sérbýli á Ísafirði 25-35% af því sem sjá mátti í miðbæ Reykjavíkur, en sunnar á Vestfjörðum fór verðið í 15-20% af verðinu í miðbæ Reykjavíkur. Skýrsla um Hagvöxt landshluta er unnin af Dr. Sigurði Jóhannessyni hjá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands fyrir Byggðastofnun og í samvinnu við starfsmenn stofnunarinnar. Í skýrslunni eru tölur fyrir árið

2007 reiknaðar eins og áður en tölur fyrir árið 2008 áætlaðar. Meginniðurstöður eru þær að hagvöxtur á landinu öllu var 6-7% á árunum 2004 til 2007, en stóð nær í stað á árinu 2008.

Áhrif bankahrunsins gætir því ekki að fullu það ár og er líklegt að áhrif þess hafi ekki komið fram af fullum þunga fyrr en á árinu 2009, segir í skýrslu Dr. Sigurðar Jóhannessonar.

– thelma@bb.is

Fjölga mætti nemendum

Fjölga mætti um 83 nemendur í grunnskólum sveitarfélaganna þriggja við Djúp án þess að fjölga kennurum. Samsvarar það níu stöðugildum í kennslu. Þetta kemur fram í útreikningnum starfshóps 100 daga nefndarinnar í fræðslumálum um mögulega fjölgun nemenda í Ísafjarðarbæ, Bolungarvík og Súðavíkurbæ. Í samburði við viðmið um fjölda nemanda á hvern kennara. Grunnskólar sveitarfélaganna þriggja eru sex, þar af fjórir í Ísafjarðarbæ, einn í hverjum byggðakjarna. Í sveitarfélögunum eru um 770 nemendur í 1. til 10. bekk grunnskóla og eru allir bekkir kenndir í hverju sveitarfélaganna þriggja. Samkvæmt útreikningunum

mætti fjölga nemendum án þess að þurfa að fjölga kennurum í öllum skólum sveitarfélaganna þriggja nema Grunnskólanum á Ísafirði þar sem 500 nemar voru á síðasta ári samkvæmt Árbók sveitarfélaga árið 2009. Í Grunnskóla Bolungarvíkur voru 125 nemar og mætti fjölga þeim um 26, í Grunnskóla Önundarfjarðar voru 28 nemar og mætti einnig fjölga þeim um 26. Í Grunnskólanum á Suðureyri voru nemendur 42 talsins og mætti fjölga þeim um 25, í Grunnskólanum á Þingeyri voru 48 nemar en þeim mætti fjölga um 23. Í Súðavíkurskóla voru 30 nemendur og mætti fjölga þeim um 19.

– thelma@bb.is



Frá Bolungarvíkurhöfn.

Erfiður rekstur hafnanna

Rekstur hafnanna í Ísafjarðarbæ, Bolungarvík og Súðavík hefur verið erfiður síðustu ár. Fram kemur í skýrslu 100 daga nefndarinnar að tap hefur verið af rekstri hafna Ísafjarðarbæjar síðustu árin og hefur eigið fé hafnanna verið lækkað úr rúmum 186 milljónum króna árið 2006 í um 56 milljónir kr. árið 2009. Árið 2008 var Ísafjarðarhöfn sérstaklega óhagfelld, en um 37% skulda eru í erlendum myntum. Við gengisfallið árið 2008 og verðlagshækkunar jukust skuldirnar 80 milljónir kr. Engin ný lán voru tekin það árið.

Eigið fé í Bolungarvík hefur verið að lagast síðustu tvö ár.

Það var þó enn neikvætt í árslok 2009 um 32 milljónir kr., en var neikvætt um 46 milljónir kr. í árslok 2008. Rekstrarafkoma Ísafjarðarhafna og Bolungarvíkurhafnar fyrir vexti var hins vegar jákvæð öll árin, ef árið 2007 er undanskilið hjá Ísafjarðarhöfn.

Þessu er hins vegar ekki svo hátt að í Súðavíkurhöfn. Rekstrarartekjur hafnarinnar hafa ekki staðið undir rekstrarkostnaðinum og er eigið fé hafnarsjóðs nú neikvætt um 1,1 milljón króna. Skuldir hafnarsjóðs Súðavíkurhafnar eru nær allar við aðalsjóð sveitarfélagsins.

– thelma@bb.is



Það tók rúma 1,5 klukkustund að koma ferlíkinu um borð. Mynd: Róbert Schmidt.

110 kg stórlúða á sjóstöng

Gerd Marteinsen, 68 ára gamall Þjóðverji, setti í stórlúðu fáeinar sjómílur út frá Deildinni á föstudag og stóð viðureignin yfir í eina og hálfa klukkustund. Gerd og áhöfn hans voru á bátnum Bobby 12 sem er gerður út frá Flateyri. Lúðan mældist 204 sm að lengd og vó 110 kg. Lúðan er önnur stærsta stórlúða sem veiðst hefur á sjóstöng við Íslandsmið svo vitað sé. Sú stærsta var veidd á svipuðum slóðum í maí árið 2007 þegar sjóstangaveiðifyrirtækið Hvild-

arklettur á Suðureyri hóf starfsemi sína. Sú lúða mældist 240 sm að lengd og vó 175 kg og er með fimm stærstu lúðum í Evrópu sem veiðst hafa á sjóstöng. Nýverið veiddist 203 sm og 108 kg lúða á bát frá Hvildarkletti frá Flateyri en lúðan hans Gerd Marteinsen tók annað sætið enda var lúðan hans 2 kg þyngri en aðeins sentimetra lengri.

Mikil sjóstangaveiðistemming ríkir um þessar mundir á Flateyri og Suðureyri en Hvildarklettur gerir út 22 sjóstangaveiðibáta og eru viðskiptavinirnir aðallega

Þjóðverjar. Veiðimennirnir eru að draga rígaþorska á sjóstöng og í vikunni veiddist 23 kg þorskur og 11 kg steinbítur sem þykja býsna vænir fiskar á stöng. Það sem af er maímánudí hafa þrjár lúður veiðst og tvær þeirra yfir 100 kg. Veiðimennirnir sækjast aðallega eftir að veiða stórlúður, steinbít og stór þorska. Hægt er að fylgjast með veiðifrétum á bloggsíðu Róbert Schmidt sem er leiðsögumaður Hvildarkletts á Suðureyri.

– thelma@bb.is

„Þegar ég varð fertug gaf ég út litla matreiðslubók og notaði hana líka sem boðskort og ætla ég að leyfa ykkur að fá nokkrar uppskriftir úr henni. Meðal annars er réttur úr svínalundum sem ég lærði að gera í Svipjóð þegar ég var þar sem aupair fyrir nokkuð mörgum árum og hentar vel núna þar sem svínalundir eru oft á góðu tilboði núna. Með svínalundunum er gott að borða Nan brauð sem ég ætla líka að gefa uppskrift af. Í eftirrétt er svo Magdalenukaka sem er mjög auðvelt að gera, hún er best volg með ís eða þeyttum rjóma.“

Svínalundir með ymsu

Svínalund (reikna með 250-300 grömmum á mann)
2 kúfaðar tsk. karrý
2 kúfaðar tsk. kjötkraft
Smjör + olía

Svínalundir með ýmsu

Rjómi ca. 1 peli

Svínalundin skorin í ca. 3 sm. sneiðar og bankaðar létt með hendinni. Smjör og olía hitað á pönnu, karrý og kjötkraftur hrært saman við á pönnunni, kjötið steikt á pönnunni í 2 mín. hvoru megin, rjóma hellt yfir og látið malla í 15-20 mín.

Með þessu er borið fram:



1 tsk salt
25 g ger
1 tsk natron
7-8 dl hveiti

Allt hnoðað saman, látið hefast í 1 ½ - 2 klst. Hnoðað aftur, flatt út, skorið í ca 6 x 6 cm. feringa og steikt á þurri pönnu eða grillað.

Magdalenukaka

1 bolli hveiti
1 bolli sykurl
1 tsk natron
¼ tsk salt
1 stk egg

Hrísgrjón, bananar, salthnetur, kókosmjöl og Nan brauð.

Nan brauð

3 dl volgt vatn
1 msk olía



Sælkeri vikunnar er Elín Ólafsdóttir á Ísafirði.

½ ds kokteílávextir
Öllu hrært saman og sett í eldfast mót.

yfir deigið. Bakist við vægan hita í 45 mín. 150 – 170°. Borðað með þeyttum rjóma eða ís.

Ofan á er sett:

½ bolli kókosmjöl
½ bolli púðursykurl
Þessu er hrært saman og stráð

Ég skora á hjónin Fríðu Rúnarsdóttir og Hermann Hermannsson á Ísafirði að koma með uppskrift í næsta blaði.



Frá vettvangsferðinni í Vigur. Mynd: Þorsteinn J. Tómasson.

Vettvangsferð í Vigur með frönskum loftslagssérfræðingi

Franskur sérfræðingur í loftslagsmálum, Dr. Daniel Martin, heimsótti Háskólasetur Vestfjarða á dögunum á vegum franska sendiráðsins á Íslandi. Dr. Martin er rannsóknarverkefnisstjóri hjá ráðuneyti í Frakklandi sem hefur með vistræði, orku, sjálfbæra þróun og hafið að gera (MEEDDM). Hann hélt erindi í málstofu í námskeiðinu Climate Changes and Policy, eða Loftslagsbreytingar

og stefnumörkun, sem nú stendur yfir í meistaranáminu. Í erindinu sínu fjallaði hann einkum um mikilvægt hlutverk fjölmiðla þegar kemur að miðlun upplýsinga um loftslagsmál til almennings. Einnig ræddi hann um rannsóknir sem hann stýrir og tekur þátt í sem snúa að loftslagsbreytingum.

„Það er mikill fengur að því að fá gest á borð við Daniel Martin

hingað vestur enda er hann í miðri hringiðu vísindaumræðunnar um loftslagsmál í heiminum,“ segir í tilkynningu frá Háskólasetrinu. Að fyrirlestrinum loknum héldu nemendur loftslagsnámskeiðsins í vettvangsferð í Vigur, ásamt Dr. Martin og nemendum námskeiðsins Chemistry and Contamination in the Coastal Zone, eða Efnafræði og mengun á strandsvæðum, og

kennara þess Dr. Hrönn Jörunds-dóttur.

Í Vigur skoðuðu nemendur loftslagsnámskeiðsins m.a. ummerki um nýlegan sinubruna og var sá viðburður tengdur við ýmislegt forvitnilegt sem fram hafði komið á námskeiðinu m.a. minnkandi ofankomu. Nemendur mengunarnámskeiðsins skoðuðu viðburðinn út frá öðru sjónarhorni, þ.e. með tilliti til þess hvort slíkir

brunar í náttúrunni geti haft í för með sér umhverfismengun.

„Jafnframt þessum námspælingum nutu nemendur og kennarar náttúruferðarinnar í Vigur og ekki síður gestrisni ábúenda sem kynntu t.d. æðardúntekju og vinnslu fyrir þeim. Ekki var síður ánægjulegt að njóta siglingarinnar með Sjóferðum á Ísafirði sem veittu framúrskarandi þjónustu og hugsuðu vel um hópinn.“

NÚ MÖSSUM VIÐ ÞETTA



FRAMSÓKN



SVEITASÆLU-GRILL

FÖSTUDAGINN 28. MAÍ FRÁ KL. 15.00

KOSNINGAKAFFI

Á KOSNINGASKRIFSTOFU
FRAMSÓKNARFLOKKSINS AÐ POLLGÖTU 4
FRÁ KL. 14 LAUGARDAGINN 29. MAÍ

HEITT Á KÖNNUNNI

Á KOSNINGASKRIFSTOFUNNI AÐ POLLGÖTU 4.
KÍKTU Í HEIMSÓKN EÐA SLÁÐU Á ÞRÁÐINN Í
SÍMA 456 3690

1



Albertína Elíasdóttir,
verkefnastjóri

2



Marzellíus Sveinbjörnsson,
verkefnisstjóri

3



Gísli Jón Kristjánsson,
skipstjóri

4



Sigurður Jón Hreinsson,
véliðnfræðingur

5



Guðrún Margrét Karlsdóttir,
hársnyrtímeistari